# FRÉTTABLAÐIÐ

155. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR

frettabladid.is

ÞRIÐJUDAGUR 10. ÁGÚST 2021




Lögreglan á Suðurnesjum og björgunarsveitin Þorbjörn hafa til umráða buggy-bíla til þess að sinna útköllum og þeim verkefnum sem upp koma við eldgosið í Fagradalsfjalli í Geldingadölum. Bílarnir eru hentugir til þess að komast á skjótan hátt að eldgosinu og bregðast við þeim atvikum sem upp koma við gosið. Í gær var lögreglan með þá til umráða á gossvæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Ruddu leið um nýja hraunið í óleyfi

**Lögregla stöðvaði ökumann vinnuvélar sem ruddi gönguleið í gegnum hraunið í Geldingadölum. Málið er nú í ferli.**

urduryrr@frettabladid.is

**UMHVERFISMÁL** Búið er að ryðja leið í gegnum hraun við eldgosið í Geldingadölum. Það var gert í leyfisleysi, án samráðs við aðra aðila, að sögn Renés Biasone, sérfræðings hjá Umhverfisstofnun.

Slóði var ruddur í gegnum hraunið á svokallaðri gönguleið A sem leiðir inn á svæði sem hefur verið umkringt hrauni um nokkurn tíma. Ef hraun flæðir yfir rudda svæðið þá lokast fólk af inni á svæðinu. Björgunarsveitarfólk lýsir yfir áhyggjum af því að fólk fari þangað inn.

Málið er í ferli, segir René, en landvörður er að skoða svæðið eins og er. Gerð verður skýrsla í framhaldinu og næstu skref skoðuð.

„Það er ekki mikið sem við getum sagt núna. Þetta var gert í leyfisleysi án samráðs við alla aðra aðila,“ segir René. Meðal annars hafi hvorki almannavarnir né lögregla vitað af framkvæmdunum. Björgunarsveitarmenn lýsa áhyggjum yfir því að fólk gangi eftir þessum slóða.

„Það er mjög hættulegt að hleypa fólki inn á svona lokað svæði. Ef fólk labbar þarna inn er það að fara á svæði sem er umkringt hrauni. Ef hraunið rennur aftur þar sem búið er að ryðja er fólk lokað inni,“ segir hann.



René Biasone, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun.

Gunnar Schram, yfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á Suðurnesjum, segir að í síðustu viku hafi verið tilkynnt um gröfu sem komin væri inn á hrauntungu við gönguleið A að gosstöðvunum.

„Við fórum á staðinn og okkur reiknaðist til að þetta væri vinnuvél á vegum landeigenda sem var að ryðja sér leið í gegnum hrauntungu þarna,“ segir Gunnar.

Að sögn Gunnars var framkvæmdin stöðvuð.

„Þarna er nýja hrauninu raskað og það stangast á við löggjöf,“ segir Gunnar. „Ég vænti að það erindi komi aftur til okkar hjá lögreglunni til rannsóknar frá Umhverfisstofnun og þá mun frekari rannsókn fara af stað,“ segir hann og bætir við að hann vænti kæru frá Umhverfisstofnun.

Sett hefur verið upp skilti við ruðninginn um að leiðin þar í gegn sé lokuð. Ekki náðist í talsmenn landeigenda. ■

## Kátir hvalir héldu stökksýningu

benediktboas@frettabladid.is

**LÍFRÍKI** Hnúfubakar héldu stökksýningu á sunnudag. „Til að hnúfubakur eyði orku í stökk af þessu tagi þarf orkubúskapurinn að vera í góðum málum, þeir vel nærðir og hafa gott aðgengi að fæðu,“ segir Edda Elísabet Magnúsdóttir hvalasérfræðingur. SJÁ SÍÐU 2



Edda Elísabet Magnúsdóttir, hvalasérfræðingur við Háskóla Íslands.





WOW flugvél til Baltimore missti olíuþrýsting í 10 þúsund fetum.

## Áhöfn komst að olíuleka í tíu þúsund fetum

benediktboas@frettabladid.is

**SAMGÖNGUR** Olíuleki í þotuhreyfli varð til þess að flugvél WOW-air, TF-WIN, var snúið við til Keflavíkurflugvallar þann 1. nóvember 2018. Þetta kemur fram í lokaskýrslu Rannsóknarnefndar samgönguslysa um atvikið.

Alls voru 193 um borð og var vélin á leið til Baltimore frá Keflavík. Lagt var af stað klukkan 15.48 og hafði þotan, sem er af Airbus-tegund, verið á lofti í tæpar þrjár mínútur þegar flugmenn tóku eftir einhverju undarlegu í hreyfli tvö.

Áhöfnin tók eftir að olíuþrýstingur hafði fallið en héldu áfram að klifra upp. Þegar vélin var rétt skriðin yfir 10 þúsund fet féll þrýstingurinn niður í núll og áhöfnin hélt fyrst að þetta væri bilun í kerfinu vegna olíuhita. Vélinni var snúið við og lenti vélin heilu og höldnu í Keflavík klukkan 16.23. ■

## Anníe Mist fagnaði góðum árangri


Anníe Mist Þórisdóttir ásamt dóttur sinni, Freyju Mist, og eiginmanni, Frederik Ægidius. CrossFit Reykjavík var með móttöku til heiðurs CrossFit Games 2021-förum sem æfa í stöðinni. Anníe Mist náði stórkostlegum árangri þegar hún lenti í þriðja sæti ekkki nema ári eftir að hún eignaðist barn. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Stjórnvöld hafi ekki talað við hjúkrunarheimilin um breytingar

benediktboas@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu gera alvarlega athugasemd við að ekkert tillit hafi verið tekið til áhrifa breytinga á reglugerð um færni og heilsumat vegna dvalar- og hjúkrunarrýma og kalla eftir því að hún verði dregin til baka.

Í yfirlýsingu frá samtökunum segir að breytingin feli í sér að hjúkrunarheimilin hafi ekki lengur tækifæri til að leggja faglegt mat á hvort hægt sé að tryggja nauðsynlega þjónustu við þá einstaklinga sem fá úthlutað rými á hjúkrunarheimili.

Í reglugerðinni er einstaklingum nú sjálfkrafa úthlutað rými. Þegar færa á einstakling af sjúkrahúsi inn á hjúkrunarheimili sé nauðsynlegt að mat sé lagt á hvort mönnun og aðstæður á ákveðnu hjúkrunarheimili séu til þess fallnar að mögulegt sé að tryggja fullnægjandi umönnun. Með nýrri reglugerð er slíkt mat tekið út úr ferlinu.

Þá er bent á að hjúkrunarheimilin séu þegar í sérstaklega viðkvæmri stöðu vegna faraldursins og að neyðarástand ríki á sumum heimilunum. ■


Íbúar Hrafnistu eru meðal þeirra sem eru í áhættuhópi vegna Covid.

# Faxaflói iðar nú af lífi og hnúfubökum í stökkham

Faxaflói iðar af lífi þessa dagana. Lundinn flögrar um með sandsíli í gogginum og þorskurinn er feitur og ormalaus. Þá eru hvalirnir fjörlegir og sýna sig fyrir þeim fjölmörgu ferðamönnum sem fara í hvalaskoðun að svokölluðu Syðra-Hrauni.

benediktboas@frettabladid.is

**LÍFRÍKI** Á sunnudag voru hnúfubakar í Faxaflóa í miklu stuði og héldu sýningu fyrir alla þá sem gátu séð, hoppuðu og skoppuðu á spegilsléttum haffletinum. Edda Elísabet Magnúsdóttir, hvalasérfræðingur við Háskóla Íslands, segir að ekki sé vitað upp á hár af hverju hvalir stökkvi eins og sást svo vel á sunnudag. „Hvert stökk er mjög orkufrekt fyrir hnúfubaka en það er engin skýr ástæða af hverju þeir gera þetta en þó ýmsar kenningar.“

Meðal annars sem hefur verið skoðað er hvort hvalirnir séu að losa sig við ýmis snýkjudýr, sem kallað er að hreinsa sig. Edda, sem hefur rannsakað hvali bæði að sumri og vetri til og skoðað hegðun þeirra, segir að svona stökk og læti sjáist nánast ekkert á veturna. „Til að hnúfubakur eyði orku í stökk af þessu tagi þarf orkubúskapurinn að vera í góðum málum, þeir vel nærðir og hafa gott aðgengi að fæðu.

Af hverju þeir eru að þessu er stóra spurningin því það hefur ekki tekist að rannsaka hvort þessi stökk séu til dæmis afleiðing af þessum eða hinum umhverfisbreytum eða félagsaðstæðum hvalanna.“

Hún segir að það sé tilkomumikið að sjá stórhveli eins og hnúfubak stökkva en það sé algengara að sjá höfrunga leika sér ofan vatnsborðsins. Þeir sem voru í hvalaskoðun á sunnudag fengu ansi mikið fyrir peninginn. Með eldgos í bakgrunni og stökkvandi hnúfubak nánast fyrir framan sig og hafið spegilslétt.

„Hvalir byggja sína skynjun á umhverfinu fyrst og fremst með heyrninni. Það er mjög sennilegt að þeir séu að vekja athygli á sér með slíkum stökkum enda fylgja þeim háværir hvellir neðansjávar og koma þannig upplýsingum til annarra hnúfubaka. Við vitum ekki hvort þeir séu að benda öðrum hvölum á gott svæði til að nærast og séu með þessu að leita að félagsskap, en það er ekki ósennilegt því hnúfubakur er mjög félagslyndur.“

Edda bendir á að vitað sé að þegar hnúfubakar slá bægslunum sínum við hafflötinn sé það oft gert í samskiptatilgangi. Þá séu þeir mjög félagslyndir og veiði gjarnan betur í hópum. „Svo er annað. Sem er ekkert ólíklegt. Þegar hvalur er vel nærður og uppfullur af orku gæti hann viljað leika sér og ærslast eins og þekkist meðal margra spendýra.“

Mikið líf er á Faxaflóa og töluvert af lunda sem dæmi. Edda segir að það sé uppgangur í sandsíli og mikið af síld hafi verið við landið. „Það er mikill uppgangur í sandsíli í fyrsta sinn síðan það féll árið 2006. Ég hef talað við þó nokkra sem reka hvalaskoðun og þeir hafa séð iðandi torfur af sandsíli. Slíkum torfum man ég síðast eftir sumrin 2004-5.“ ■


Stökkvandi hnúfubakur er tilkomumikil sjón. MYND/ELDING

> ” Þegar hvalur er vel nærður og uppfullur af orku gæti hann viljað leika sér og ærslast eins og þekkist meðal margra spendýra.


Edda Elísabet Magnúsdóttir, hvalasérfræðingur við Háskóla Íslands.






Fjaran í Fossvoginum er falin náttúruperla og fjársjóðskista yngsta stigsins

Ræktum það besta í börnunum okkar | S. 568 7870 | sudurhlidarskoli.is




**Söluumboð Suzuki á landsbyggðinni:**

**Akureyri:** Bílaríki, Lónsbakka.
**Egilsstaðir:** Bílaverkstæði Austurlands ehf, Miðási 2.
**Hvolsvellir:** Viðskiptaþjónusta Suðurlands, Ormsvellir 7.
**Ísafjörður:** Bílatangi ehf., Suðurgötu 9.
**Reykjanesbær:** K. Steinarsson, Holtsgötu 52.

SUZUKI

● **Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is**

Suzuki á Íslandi   YouTube

**Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100**

# Hafnarfjarðarhöfn fær háspennubúnað til að rafvæða skip

gar@frettabladid.is

**UMHVERFISMÁL** „Við gerum þetta út frá umhverfissjónarmiðum og lífsgæðum gagnvart nábýlinu við miðbæinn, að draga úr mengun og hávaða,“ segir Lúðvík Geirsson, hafnarstjóri í Hafnarfirði.

Hafnarstjórnin samþykkti í gær að kaupa háspennutengibúnað á jafnvirði 98 milljóna króna.

„Við erum í stórverkefni í orkuskiptum og erum að koma upp háspennutengingum á hafnarbakkanum hjá okkur. Það er verið að leggja lagnir í Hvaleyrarbakka og undirbúa lagnir inn á Suðurbakka. Þetta er 1,2 megavatta viðbótarafl inn á hvorn bakka fyrir sig. Við gerum ráð fyrir að geta tengt inn á báða bakkana frá næsta vori,“ segir Lúðvík.



Hafnarfjarðarhöfn úr lofti. MYND/GUÐMUNDUR FYLKISSON

Háspennutengibúnaðurinn verður í færanlegum gámum.

„Við höfum verið með öflugt kerfi sem hefur dugað fyrir venjulega umferð en ekki fyrir þessi aflfreku skip; frystitogara, stór fraktskip og farþegaskipin sem hingað koma,“ segir Lúðvík.

Ekki sé þó um að ræða stærstu farþegaskipin heldur svokölluð milliskip.

„Við höfum kallað eftir því að stjórnvöld komi með meiri þunga inn í þetta heilmikla verkefni í orkuskiptunum að geta landtengt flotann,“ segir Lúðvík. Heildarverkefnið kosti upp undir 700 milljónir króna. Enn sé verið að meta hversu mikil losun gróðurhúsalofttegunda sparist. „Það er verið að vinna í því að meta það en það er töluvert sem þetta mun draga úr losun.“ ■

## Olíuleit ekki á dagskrá ráðherra

thorgrimur@frettabladid.is

**UMHVERFISMÁL** „Það er ekki á dagskrá ríkisstjórnar að leyfa olíuleit eða olíuvinnslu hérlendis,“ segir Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins í kjölfar útgáfu nýrrar stöðuskýrslu milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.



Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra.

António Guterres, aðalritari SÞ, sagði skýrsluna „rauða viðvörun“ fyrir mannkynið og að „ríkjum bæri að hætta allri nýrri olíuleit og vinnslu“.

Nýverið ákvað ríkisstjórn Grænlands að stöðva alla olíuleit. ■

## Enn fækkar í þjóðkirkjunni

arib@frettabladid.is

**TRÚMÁL** Hlutfall Íslendinga í þjóðkirkjunni heldur áfram að lækka. Samkvæmt tölum Þjóðskrár hefur meðlimum fækkað um 31 frá því í desember í fyrra og hefur hlutfallið farið úr 62,3 prósentum í 61,7 prósent. Þá fjölgar í hópi þeirra sem tilgreina ekki trúfélag eða standa utan trúfélaga. Hlutfall meðlima í öðrum trú- eða lífsskoðunarfélögum stendur í stað í 15,1 prósenti.

Fjölgunin var mest í Ásatrúarfélaginu, eða um 257 meðlimi. Mest fækkun var í Zuism, eða um 185. ■

# Vakning um hættu á gróðureldum hér á landi með hlýnandi loftslagi

**Viðbúnaður og forvarnir við gróðureldum á Íslandi hafa þróast samhliða hlýnandi loftslagi og aukinni eldhættu. Mikil vakning hefur átt sér stað um áhættuna bæði innan slökkviliða og innan Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.**



Miklir eldar kviknuðu í Heiðmörk í apríl síðastliðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

thorgrimur@frettabladid.is

**UMHVERFISMÁL** Ásgrímur Eiríksson, sérfræðingur á brunavarnasviði Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, telur að mikil vakning hafi átt sér stað innan stofnunarinnar um hættuna sem stafar af gróðureldum að undanförnu.

„Það var mikil umfjöllun um þetta í vor þegar sinueldarnir voru í Heiðmörk. Það sama gerðist árið 2018 þegar það var mikil þurrkatíð og þá voru miklar vangaveltur um svæði í Skorradal. Þar var unnin aðgerðaáætlun í samstarfi við almannavarnir og slökkviliðið á svæðinu, en það var eina almannavarnaáætlunin sem hefur verið gerð í frístundabyggðum hvað þetta varðar,“ segir Ásgrímur.

Gróður- og skógareldar hafa mikið verið í heimsfréttunum að undanförnu vegna elda sem hafa valdið gríðarlegu tjóni víðs vegar um heim. Hinn svokallaði „Dixie-eldur“ sem nú geisar í Kaliforníu varð nýlega stærsti staki eldurinn í sögu ríkisins og hefur lagt að minnsta kosti 400 heimili og önnur mannvirki í rúst. Sömuleiðis standa yfir miklir villieldar á grísku eyjunni Evíu sem hafa brennt minnst 150 hús. Tíðni gróðurelda í vestanverðum Bandaríkjunum tvöfaldaðist frá 1984 til 2015 og hefur það meðal annars verið tengt við aukna þornun lífrænna efna í skógarbotnum vegna hlýnandi loftslags.

Ásgrímur segir að mikil vinna standi yfir við að gefa út leiðbeiningar fyrir frístundabyggðir um gróðurelda. „Eigendur verða að kunna að taka á sínum málum varðandi gróðursetningu í kringum bústaðina. Þetta er stórkostleg áhætta þegar fólk er í fríum og fer út að grilla án þess að vera meðvitað um hvað það er þurrt,“ segir hann.

> „Fólk sem keypti sér sumarbústaði fyrir þrjátíu árum og gróðursetti á fullu hefur ekki hugsað fyrir svona löguðu.



Lárus Kristinn Guðmundsson, varaslökkviliðsstjóri Brunavarna Árnessýslu.

Með auknum hita segir Ásgrímur að breytingar í viðbúnaði felist aðallega í skipulagningu, meðal annars í skógum og í frístundabyggðum.

„Besta leiðin til að bregðast við er að skipuleggja sig út úr þessu. Svo forvarnastarfið er gríðarlega mikilvægt á þurrkatímum. Það erfiðasta í þessu er að endurskipuleggja þau svæði sem lúta eldra skipulagi, eins og í Skorradal sem oft er nefndur sem dæmi upp á flóttaleiðir og vatnsöflun,“ segir Ásgrímur, sem efast ekki um að gróðureldar muni verða stærra vandamál með hlýnandi loftslagi.

„Maður hefur heyrt að meðalhitinn hafi hækkað um meira en eina gráðu á mörgum stöðum á landinu. Þótt það sé erfitt að dæma þetta út frá einum mánuði eða sumri, þá má alveg reikna með því að þetta verði áfram vandamál ef hitinn og þurrkarnir halda áfram.“

Lárus Kristinn Guðmundsson, varaslökkviliðsstjóri Brunavarna Árnessýslu, telur ljóst að loftslag hafi hlýnað og gróður aukist á Íslandi.

„Þetta er búið að vera mikil vakning fyrir slökkvilið og við erum búin að vera að hvetja til forvarna út af þessu. Fólk sem keypti sér sumarbústaði fyrir þrjátíu árum og gróðursetti á fullu hefur ekki hugsað fyrir svona löguðu,“ segir Lárus. Breytingar í viðbúnaði slökkviliða felist fyrst og fremst í aukinni menntun, eflingu í búnaðarmálum og áframhaldandi áætlanagerð í kringum það. „Við höfum líka verið virk í samnorrænu og evrópsku samstarfi,“ bætir hann við. „Þeir eru með tengingar erlendis þar sem við skiptumst á upplýsingum.“ ■



# ÚTSALAN ER HAFIN

# 20-70%

# AFSLÁTTUR



## KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP STRAX Í DAG

| Rúmföt | Heilsurúm | Sófar | Hægindastólar | Gjafavara | Húsgögn |
|---|---|---|---|---|---|
| -20-30% | -20-40% | -20-50% | -20% | -20% | -20-50% |

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

# Telur viðskiptaþvinganir geta leitt til stríðs

arib@frettabladid.is

**HVÍTA-RÚSSLAND** „Þið getið troðið þessum viðskiptaþvingunum ... Þið eruð kjölturakkar Ameríkananna,“ sagði Alexander Lúkasjenkó, forseti Hvíta-Rússlands, við breska ríkisútvarpið BBC þegar hann var spurður um afstöðu sína til viðskiptaþvingana af hálfu Vesturlanda.

Viðskiptaþvinganirnar ná nú til olíuafurða sem eru stór tekjulind landsins sem og fjármálaþjónustu. Í gær tilkynntu bresk stjórnvöld að flugvélar frá Hvíta-Rússlandi mættu ekki fljúga inn í breska lofthelgi.

Lúkasjenkó hafnaði því á blaðamannafundi í gær að leyniþjónusta hans stæði að baki dauða stjórnarandstæðingsins Vitalys Shishov. Shishov vann við að hjálpa samlöndum sínum sem flúið höfðu til Úkraínu í kjölfar mótmælanna í Hvíta-Rússlandi í fyrra þar sem þúsundir voru fangelsaðar. „Hver var hann fyrir mér og fyrir Hvíta-Rússland? Fyrir okkur var hann ómerkingur,“ sagði Lúkasjenkó.


Hvítrússar fjölmenntu á mótmælum gegn Lúkasjenkó í Litáen í gær.

27 ára valdatíð Lúkasjenkós hefur verið í deiglunni frá forsetakosningunum í fyrra sem hann kvaðst hafa unnið. Lúkasjenkó var harðorður á blaðamannafundinum, þeim fyrsta eftir kosningarnar, og sagði að aðgerðir Vesturlanda gætu komið af stað þriðju heimsstyrjöldinni.

Þá hæddist hann að hlaupakonunni Krystinu Timanovskaya sem sótti um hæli í Póllandi í kjölfar Ólympíuleikanna. „Hún lenti í 36. sæti í greininni sinni, það þarf ekkert að ræða það frekar.“ ■

# Segir Pál sjálfan hafa átt að sannreyna lögmæti byggingarleyfis fyrir safnið

**Engin sátt virðist í sjónmáli vegna legsteinasafns Páls á Húsafelli eftir eins árs samningaumleitanir og er áætlað að byrjað verði að rífa skálann á fimmtudag. Sveitarstjóri segir stöðu sveitarfélagsins vegna hugsanlegs skaðabótamáls ekki veika.**

gar@frettabladid.is

**SKIPULAGSMÁL** „Við erum búin að skoða okkar réttarstöðu og teljum, ef höfðað yrði skaðabótamál, að staðan sé ekki veik,“ segir Þórdís Sif Sigurðardóttir, sveitarstjóri Borgarbyggðar, um stöðuna í Húsafelli þar sem nú stendur til að rífa legsteinasafn sem reist var 2016.

Páll Guðmundsson, listamaður á Húsafelli, lýsti því yfir á sunnudag að hafið væri niðurrif umdeilds legsteinasafns sem staðið hefur hálfkarað á heimatorfunni við Bæjargil og Gamla Bæ. Nágranni hans, Sæmundur Ásgeirsson í Gamla Bæ, höfðaði mál vegna legsteinasafnsins og samkvæmt dómi Héraðsdóms Vesturlands í fyrrasumar var byggingarleyfi sem Páll studdist við ekki gilt.

Var Páli gefinn 30 daga frestur til að fjarlægja bygginguna og greiða Sæmundi 40 þúsund krónur á dag í sekt fyrir hvern dag umfram það sem niðurrifið drægist á langinn.

„Í upphafi, og það er sveitarfélagið búið að viðurkenna, er ákveðið deiliskipulag sem tekur ekki gildi þar sem fyrirfórst að auglýsa það í B-deild stjórnartíðinda,“ segir Þórdís Sif Sigurðardóttir, sveitarstjóri Borgarbyggðar, um ástæður þess að málið fór í þennan farveg. Gefið hafi verið út byggingarleyfi fyrir legsteinaskálanum.

„Það kemur fram andstaða við byggingarleyfið mjög fljótt og þeir héldu samt áfram að byggja á grundvelli byggingarleyfisins en handhafi byggingarleyfis ber ábyrgð á því að það sé allt á réttu róli varðandi útgáfu byggingarleyfis og að leyfið sé lögmætt. Þannig að hann ber svolitla ábyrgð á því að skoða það,“ segir Þórdís, sem þannig reiknar ekki með að Borgarbyggð verði gerð ábyrg þrátt fyrir fyrrnefnda handvömm með auglýsingu deiliskipulags.


Páll Guðmundsson á Húsafelli í grunni verðandi legsteinasafns á árinu 2016. Gamli bærinn í baksýn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> „Það kemur fram andstaða við byggingarleyfið mjög fljótt og þeir héldu samt áfram að byggja á grundvelli byggingarleyfis.


Þórdís Sif Sigurðardóttir, sveitarstjóri Borgarbyggðar.

Að sögn Þórdísar hefur Borgarbyggð lagt gríðarlegan tíma og fé í að reyna að koma á sátt milli Páls og Sæmundar. Það hafi ekki tekist. Samkomulag hafi verið gert milli málsaðilanna í fyrra um að fresta áhrifum dagsektanna til 15. desember 2020. Eftir það hafi fulltrúar bæjanna tveggja tekið málið til sín án beinnar aðkomu sveitarfélagsins.

Þórdís segir fulltrúa beggja aðila hafa ætlað að vinna að gerð sameiginlegs deiliskipulags í sátt við alla og semja um lúkningu mála. Það hafi ekki tekist og krefjist Sæmundur nú þess að fá greiddar 40 þúsund króna dagsektir sem Héraðsdómur Vesturlands dæmdi honum í fyrra. Stendur sú krafa nú í yfir níu milljónum króna.

„Því miður er nú ljóst að kröfur Sæmundar, til að felldar verði niður dagsektir að upphæð krónur 40.000 á dag, eru með öllu óaðgengilegar fyrir mig og er mér því nauðugur einn kostur að rífa húsið,“ segir Páll í færslu sinni á Facebook. Ekki náðist tal af honum sjálfum í gær.

Velunnarar Páls lýsa yfir stuðningi við hann á Facebook. Lýsa þeir miklum vonbrigðum og bjóðast sumir til að aðstoða hann við að byggja neitt legsteinasafn.

Fyrir helgi var byrjað að undirbúa niðurrifið sem hefjast mun á fimmtudag. ■

# Fimmtíu látnir í Malí eftir árásir öfgamanna

thorgrimur@frettabladid.is

**MALÍ** Minnst fimmtíu óbreyttir borgarar létust í árásum í norðausturhluta Malí á sunnudaginn. Talið er að íslamskir öfgamenn hafi staðið að baki árásunum. Árásirnar voru gerðar á þrjú þorp, Karou, Outagouna og Daoutegeft, í héraðinu Gaó nærri landamærunum við Níger.

„Hryðjuverkamenn ruddust inn í þorpin og slátruðu öllum,“ hafði fréttastofan AFP eftir malískum hermanni. „Í Karou var tuttugu borgurum slátrað. Í Ouatagouna voru fjórtán drepnir og í smáþorpinu Daoutegeft var öðrum borgurum slátrað,“ var haft eftir embættismanni á staðnum. Samkvæmt heimildum AFP er búið að senda herlið á svæðið til að koma borgurum til varnar.

Ófriður hefur ríkt í Norður-Malí frá árinu 2012 milli stjórnarhers landsins og hryðjuverkahópa með tengsl við Al-Kaída og íslamska ríkið. Pólitískur óstöðugleiki og ítrekaðar herforingjabyltingar gegn ríkisstjórnum landsins hafa dregið enn frekar úr öryggi á svæðinu. Alioune Tine, sérfræðingur Sameinuðu þjóðanna í mannréttindum í Malí, sagði í síðustu viku að öryggisástandinu í landinu hefði hrakað svo mjög að sjálfri tilvist malíska ríkisins væri ógnað. ■


Fjöldi malískra flóttamanna hafa sest að í flóttamannabúðunum Goudebou í Búrkína Fasó.

## Einingahúsum breytt í stofur næsta skólavetur

arib@frettabladid.is

**REYKJAVÍK** Nemendur í fimmta til sjöunda bekk Fossvogsskóla fara með rútu frá skólanum í Korpuskóla þar sem kennsla fer fram. Framkvæmdir standa enn yfir við skólann en þar uppgötvuðust miklar skemmdir af völdum myglu.

Fram kemur í tilkynningu frá Reykjavíkurborg að verið sé að breyta tíu eininga byggingum í skólastofur á bílastæði starfsmanna. Þeim framkvæmdum á að ljúka um miðjan september. Fyrsti bekkur verður í húsnæði Frístundar. Borgin er í viðræðum við Víking um að hýsa annan til fjórða bekk tímabundið. ■


Franskur lögreglumaður stendur vörð á vettvangi morðsins í Saint-Laurent-sur-Sevres. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## Myrti prest ári eftir að hafa kveikt í kirkju

thorgrimur@frettabladid.is

**FRAKKLAND** Maður gaf sig fram við franska lögreglu í gær eftir að hafa orðið kaþólskum presti í sýslunni Vendée að bana. Maðurinn er hælisleitandi frá Rúanda og var þegar til rannsóknar lögreglunnar vegna íkveikju í dómkirkjunni í Nantes í fyrra. Hann útskrifaðist af geðdeild í La Roche-Sur-Yon í lok júlí og fékk hæli hjá trúarreglu prestsins.

Gérald Darmanin, innanríkisráðherra Frakklands, fór á vettvang glæpsins í gær og vottaði öllum kaþólskum Frökkum samúð sína vegna morðsins. Stjórnarandstæðingar, bæði til hægri og vinstri, gagnrýndu hins vegar að morðingjanum skuli ekki hafa verið vísað úr landi eftir íkveikjuna í Nantes. Fyrrum ráðherrann Michel Barnier lét þau orð falla að hægt hefði verið að koma í veg fyrir morðið og að Frakkar ættu rétt á að hneykslast. ■

## Segir Cuomo hafa snert sig og kysst

arib@frettabladid.is

**BANDARÍKIN** Brittany Commisso, fyrrverandi aðstoðarmaður Andrews Cuomo, ríkisstjóra New York í Bandaríkjunum, hefur stigið fram og krafið hann um að taka ábyrgð á meintri kynferðislegri áreitni. Cuomo hefur verið sakaður um að hafa áreitt ellefu konur.

Fjallað var um mál Commisso í skýrslu á vegum ríkissaksóknara New York en þar var hún nafnlaus. Þar segir að meint hegðun Cuomo brjóti í bága við lög.

Í viðtali við CBS í gær sagði Commisso að Cuomo hefði snert sig á ósæmilegan hátt og kysst á munninn án leyfis. Cuomo hefur neitað öllum ásökunum. Hefur hann hafnað ákalli um afsögn, þar á meðal frá Joe Biden, forseta Bandaríkjanna. ■

# ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ SPAÐANS!

# 16” Pizza

## af matseðli

# 1.600

16” Pizzurnar okkar eru stórar og duga fyrir 3 fullorðna

SPAÐINN

Fjarðargata 11

Dalvegur 32b

# Spítalasvelti



Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser@frettabladid.is

Íslenska heilbrigðiskerfinu er þröngur stakkur skorinn. Það hefur verið augljóst um árabil, en er þó aldrei meira áberandi og þegar óvæntar áskoranir blasa við Landspítalanum og öðrum meginstoðum þess, en þá hriktir í þeim.

Og staðan er einfaldlega þessi; fjárframlög ríkisins til þessa mikilvæga málaflokks virðast duga þegar verkefnin eru hófleg, en ekki þegar á bjátar. Með öðrum orðum ræður kerfið ekki við ófyrirséðar hremmingar.

Þetta er alvarleg staða. Og hún er vitnisburður um pólitísk vettlingatök. Fjárlagavaldið á Íslandi hefur einfaldlega skilið gleraugun eftir heima þegar það hefur verið að kostnaðargreina málaflokkinn. Og hann er vel að merkja síkvikur, enda breyturnar margar – og nægir þar að nefna fjölgun þjóðarinnar, breytta aldurssamsetningu hennar, lengri lífaldur, aukna tækni, svo og betri lyf og lækningar.

Þetta er þvert á margyfirlýstan vilja þjóðarinnar. Í hverri könnuninni af annarri hefur meginþorri þjóðarinnar sagt skoðun sína umbúðalaust. Hann vill hlúa að opinberu heilbrigðiskerfi sem skuli standa öllum opið, óháð fjárhag og búsetu. Hann vill beinlínis auka fjárframlög til þessa málaflokks svo hægt sé að sinna honum með sóma, hvað svo sem gengur á. Og hér er ekki verið að tala um einhvern nauman meirihluta landsmanna heldur á milli 80 og 90 prósent þjóðarinnar. Það má enda fullyrða að um ekkert séu Íslendingar meira sammála en að vanda hér til verka.

> Það má enda fullyrða að um ekkert séu Íslendingar meira sammála en að vanda hér til verka.

Vandinn er sá að þessi eindregni vilji endurspeglast ekki innan veggja Alþingis. Og þar af leiðandi blasir brotin myndin við; sú 14 prósenta aukning sem þó hefur orðið á fjárframlögum til Landspítalans á yfirstandandi kjörtímabili hefur verið étin upp af framlögum til nýs meðferðarkjarna, launahækkana og styttingar vinnuvikunnar. Fyrir vikið blasir við mönnunarvandi – á tímum þegar síst skyldi. ■

## Hjálpum Páli

Vinna við niðurrif nýs húss yfir Legsteinasafn listamannsins Páls Guðmundssonar í Húsafelli er hafin. Það er hneisa. Eitthvert endemis klúður í auglýsingu deiliskipulags á vegum embættismanna Borgarbyggðar hefur leitt til þessara foráttuvitlausu málalykta.

Páll Guðmundsson er dáður og virtur listamaður. Hann er í senn náttúrubarn og þjóðargersemi. Og hér þarf íslensk þjóð að segja sem fyrr; vér mótmælum allir. ■




## Halldór




## Frá degi til dags

**Sleiktir hurðarhúnar**
Upplýsingaóreiða náði nýjum hæðum um helgina þegar landsmenn héldu að þeir hefðu kannski heyrt að það ætti að aflétta öllum sóttvarnaaðgerðum í landinu og dreifa veirunni eins og lúsmý um landið. Hálfan sunnudag beið heil þjóð í norðurhafi í ofvæni eftir frekari útskýringum frá sóttvarnalækninum í sumarfríinu. Bein útsending var frá gluggatjöldunum hans sem hreyfðust ekki í átta tíma. Búið var að sleikja annan hvern hurðarhún í landinu þegar í ljós kom að orðin voru mistúlkuð. Verst er að Jóhannes „útskýrari“ Skúlason er í öðrum störfum.

**Réttur hlekkur**
Skopmyndateiknari Moggans er líklega misskildasti listamaður og húmoristi okkar tíma. Þurfa líklega að líða margar aldir þangað til almenningur verður tilbúinn fyrir skilaboðin sem í myndum hans raunverulega felast. Í gær var hádramatísk teikning af lambi að tala, það sem lambið segir er langur hlekkur í vefsíðu sem þarf að slá inn á gamla mátann. Þeir sem það gerðu fengu myndband á þýsku af fólki að ræða við Ameríkana í gegnum Skype, mann sem Google sjálft kallar „skottulækni“ og virðist halda fram að bólusetningar við Covid-19 séu liður í að fækka mannkyni. Þeir sem vilja kynna sér málið frekar geta stimplað inn þennan hlekk: www.youtube.com/watch?v=dQw4w9WgXcQ ■

# Tuðið gefur og tuðið tekur



Alda M. Vilhjálmsdóttir
fyrsti varaborgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins

Það er auðvelt að týna sér í tuði annarra. Því verður ekki neitað að tuðið getur verið skemmtilegt enda byggja margir vinsælustu gamanþættir okkar samtíma á því hversu tælandi skemmtiefni tuð getur verið. Við ýmist hlæjum og hristum hausinn yfir tuðinu, ergjumst eða gleðjumst yfir því að eiga þjáningarsystkini og hvar væri Twitter án tuðsins? En tuðið getur átt sér dökkar hliðar. Það er öflugt vopn til að afvegaleiða umræður, gagnrýna eitthvað á röngum forsendum eða jafnvel breyta upplifun fólks af umhverfinu sínu. Af tuði sumra að dæma mætti halda að hverfið mitt – Vesturbærinn – væri stór slysagildra.

Þökk sé Twitter-tuði eyði ég miklum tíma í að spá í gatnamót, ökuhraða og hjólabrautir, sem er reyndar ekki neikvætt nema þegar ég þarf að sitja fundi þar sem tillögur um til dæmis snjalllýsingu á tíðförnum gangbrautum fá í mesta lagi framgöngu sem einstaka tilraunaverkefni vegna skorts á fjármagni. Á meðan tugir til hundruð milljóna eru settir í „öryggisverkefni“ eins og að leggja nýja gangbraut 70 metra frá annarri gangbraut þar eða hægja á umferð um 10 km/klst. á stöðum þar sem slys eru verulega fátíð.

> Af tuði sumra að dæma mætti halda að hverfið mitt – Vesturbærinn – væri stór slysagildra.

Þegar ég gekk á milli hverfa í Istanbúl var ég minnt á hversu dökka mynd tuðið dregur stundum upp af Vesturbænum. Þrátt fyrir mikinn fjölda manna og katta, sem eru óformlegir meindýraeyðar Istanbúl, virtist samlífi gangandi, akandi, hjólandi og almenningssamgangna ganga snurðulaust fyrir sig þótt allir deildu yfirleitt sömu götum á hátt sem myndi ganga fram af helstu tuðurum málaflokksins á Twitter. Við höfum það gott í Vesturbænum þó að auðvitað sé ýmislegt sem mætti betur fara, líkt og í gömlu hverfunum í Istanbúl, en tuðið hérna gerir oft úlfalda úr mýflugu, sem getur verið skemmtileg lesning en er varhugavert þegar það er látið stjórna ákvarðanatöku í stað þarfagreininga. Það er mitt tuð dagsins. ■

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is,*
**FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is*
**HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Hugsunarfrelsi, já takk



**Arnar Þór Jónsson**
skipar 5. sætið á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í SV-kjördæmi.

Í einfeldni minni hélt ég að sú dómharka, fordæming, þröngsýni og krafa um samræmda hugsun, sem einkennir margt á samfélagsmiðlum, væri aðallega bundin við fólk sem alist hefði upp við þá flatneskju og yfirborðsmennsku sem þar er að finna. Þetta byggði ég á því að samfélagsmiðlar séu magnari fyrir háværustu raddirnar og vettvangur þar sem sannleikurinn er daglega afbakaður. Þessi hugmynd mín var að nokkru leyti leiðrétt 4. ágúst sl. þegar tveir menn á níræðisaldri réðust gegn persónu minni í Fréttablaðinu. Báðir kjósa þeir þar að rangtúlka, afbaka og misskilja það sem þó á að vera auðskilið þeim sem hafa opinn huga og beita gagnrýninni hugsun. Umræða um íslenska hagsmuni, ESB o.fl. þarf að byggjast á raunsæi og staðreyndum, ekki draumsýn eða ímyndunum. Í því sem hér fer á eftir ætla ég ekki að elta ólar við ómálefnalega framsetningu þessara manna því greinar þeirra bera vott um að þeir séu inni í bergmálshelli og hafi því ekki aðeins einangrað sig frá samfélaginu í heild, heldur einnig frá raunveruleikanum sem slíkum.

Við lifum á tímum þar sem stöðugt er þrengt að frjálsri hugsun. Frammi fyrir því þarf að leita svara við því hvaða möguleika frjáls umræða og sannleiksleit eigi í umhverfi þar sem krafist er samræmdrar hugsunar allra sem vinna á sama stað, líta eins út, eru af sama kyni, hafa sömu kynhneigð o.s.frv. Pólitísk rétthugsun er ein helsta ógnin við frjálsa hugsun. Rétthugsunin hefur tekið á sig ýmsar myndir í tímans rás, en eitt aðaleinkenni hennar er algjör skortur á skopskyni, bókstafshyggja og eftirlit með því að hvorki ritað né talað mál endurspegli „hugsanaglæpi“, villutrú eða falskenningar. Nú sem fyrr lifum við á tímum sem einkennast af átökum milli einstaklingsfrelsis og forræðishyggju. Ein leiðin til að vekja upp ótta og ýta undir valdboðsstjórn er að benda á einhverja aðsteðjandi ógn. Eitt dæmi um slíkan málflutning eru rök þess efnis að EES samningurinn sé í hættu ef aðildarþjóðir kjósi að beita ákvæðum hans um neitunarvald!

Valdboðsstjórn þrífst á ótta og þá er nauðsynlegt að benda á, finna eða framleiða ógn sem vekur nægilega sterk viðbrögð. Valdboðsmenn fá mestan byr ef unnt er að sýna fram á að ógnin sé yfirvofandi og kalli á samstöðu. Stjórnmálamenn sem nýta sér þessa tækni ofureinfalda flókin viðfangsefni og veita einföld svör við flóknum vandamálum. Með því að berja niður frumkvæði, efa og sjálfstæða hugsun er reynt að samræma hegðun fólks og berjast gegn einstaklingshyggju með það að markmiði að framkalla menningarlega og pólitíska einsleitni. Í því samhengi getur verið hjálplegt að vísa stöðugt til þess að þegnarnir beri skyldur gagnvart ríkinu og hvetja fólk til að forðast áhættu. Afleiðing slíkrar stefnu birtist í vitsmunalegri stöðnun, sem og skorti á hugmyndafræðilegri fjölbreytni. Í slíku umhverfi búa sannir heimspekingar og frjóir hugsuðir við tortryggni, ógn og jafnvel ofsóknir fyrir að „spilla æskulýðnum“ o.s.frv. Hagsmunasamtökum, fjölmiðlum, ríkisstofnunum o.fl. má beita til pólitískrar og vitsmunalegrar bælingar. Þetta er t.d. gert með því að ráðast að, hæða og útskúfa fólki sem vogar sér að hugsa út fyrir hinn leyfilega kassa.

**Lýðræðið er dagleg frelsisbarátta**

Óþarft er að fjölyrða um þann skaða sem framangreind nálgun veldur gagnvart lýðræðislegri umræðu. Þegar hjarðhegðun er beitt til að afmarka hvað telst skynsamlegt, þá er skipulegri hugsun, staðreyndum og rökræðu hent út um gluggann. Í slíku umhverfi verða til hvatar þar sem harðlínunálgun er verðlaunuð, en hinir úthrópaðir sem voga sér að gerast málsvarar klassískra frjálslyndra sjónarmiða, þar á meðal um tjáningarfrelsi, um sakleysi þar til sekt er sönnuð og um réttláta málsmeðferð. Augljóslega skaðar þetta pólitíska umræðu. Ef menn ímynda sér að auka megi farsæld og almenn lífsgæði með því að ala á tortryggni, öfund og óvild, þá er það villuljós. Það er andlýðræðislegt að standa gegn heilbrigðum skoðanaskiptum með því að ráðast á andmælendur sína, afbaka málflutning þeirra, fara með rangfærslur, saka menn um illvilja, geðveiki o.s.frv. Það er heldur ekki heiðarlegt að túlka orð andmælenda sinna á versta veg, t.d. með því leita að tilefni til að móðgast og reiðast. Farsælli leið er að líta á hvert annað sem samverkamenn í frelsisbaráttunni, sem hlýtur að miðast að því að fá að lifa sem frjálsir menn undir stjórn valdhafa sem við sjálf höfum kosið. ■

> **Þegar hjarðhegðun er beitt til að afmarka hvað telst skynsamlegt, þá er skipulegri hugsun, staðreyndum og rökræðu hent út um gluggann.**





Okkar ástkæra
**Ingibjörg Ýr Pálmadóttir**
barnakennari,
Hvassaleiti 58,
sem lést þann 23.7. sl. verður
jarðsungin frá Háteigskirkju
þann 13.8 nk. kl. 13.00.
Streymt verður frá athöfninni og má nálgast
hlekk á streymið á mbl.is/andlat

**Ragnhildur Rós Indriðadóttir Skarphéðinn G. Þórisson**
**Pálmi Indriðason Anna Halldórsdóttir**
**Helgi Indriðason**
**Ólafur Skúli Indriðason Helga Ágústsdóttir**
**Jón Skúli Indriðason Sigríður Jóhannsdóttir**
**Dagný Bergþóra Indriðadóttir**
**Ásmundur Indriðason Jóhanna Þyri Sveinsdóttir**
**Erna Indriðadóttir Andrés Svanbjörnsson**
**Ingibjörg Ýr, Indriði, Þuríður, Björn Þór, Birta Líf, Katrín Helga, Jóhann Skúli, Kristín Ýr, Jón Freyr, Frosti, Reimar, Valva og barnabarnabörn.**

# Fann dýrgrip í Góða hirðinum og gefur

gun@frettabladid.is

„Oddfellowar gáfu föður mínum, Guðjóni Sigurðssyni múrarameistara, borðfánastöng með útskornum standi þegar hann varð fimmtugur árið 1960. Útskurðurinn sýnir víkingaskip, enda var gjöfin frá stúkunni Ingólfi þar sem pabbi var vel metinn félagi,“ segir Unnur Guðjónsdóttir, stofnandi Kínaklúbbsins, sem fagnar 81 árs afmæli á ákveðinn máta. „Flaggstöngin var alltaf á heiðursstað á heimili pabba, með Oddfellowfánann við hún en eftir andlát hans árið 1998 fékk eitthvert þriggja systkina minna hana. Þau eru nú öll dáin. En 18. júní í sumar kom ég auga á fánastöngina hans föður míns í Góða hirðinum, það fannst mér dapurlegt, þó ég ætli ekki að lasta það fyrirtæki. Efsti hluti stangarinnar var brotinn og fáninn farinn – en standurinn heill.“

Unnur kveðst hafa sett sig í samband við skrifstofu stúkunnar Ingólfs til að athuga hvort tekið yrði við flaggstönginni þar og fékk góðar undirtektir. „Að sjálfsögðu var ég búin að kaupa stöngina og það er mér mikil ánægja að gefa Ingólfi hana aftur.“

Við Elliðavatn á Unnur lítinn bústað. Utan við hann er stór steinn sem líka minnir hana á föður sinn. „Þessi steinn var við sumarbústaðinn okkar við Elliðaárnar, pabbi boraði holu í hann til að hægt væri að flagga þar íslenska fánanum,“ segir Unnur sem lét flytja steininn á sína lóð þegar hún keypti eigin bústað árið 1996. „Steinninn hefur mikla þýðingu fyrir mig því pabbi byrjaði að byggja sumarbústað fjölskyldunnar 10. ágúst 1940, sama dag og ég fæddist. Enda hjó pabbi ártalið 1940 í steininn. Ég á mynd af honum við hann.“ ■



Unnur tyllir fundnu fánastönginni efst á uppáhaldsstein fyrir afhendingu.
FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR



Ástkær eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,
**Sigurður Ólafsson**
fv. póst- og símstöðvarstjóri,
Hrísmóum 1, Garðabæ,
lést á hjúkrunarheimili Hrafnistu,
Hraunvangi, Hafnarfirði, miðvikudaginn
4. ágúst 2021. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju
kl. 15.00 þriðjudaginn 10. ágúst 2021.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á krabbameinsfélög.

**Guðbjörg Þorleifsdóttir**
**Sigurborg Sigurðardóttir Ljótur Ingason**
**Svanhvít Sigurðardóttir Ragnar Jörundsson**
**María Sigurðardóttir Páll Sigurðsson**
**Halldór Ó. Sigurðsson Margrét H. Hjaltested**
**Þóra Sigurðardóttir Sigurður G. Jóhannsson**
**Ingvar E. Sigurðsson Edda Arnljótsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi
SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA
Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og
ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is



Sverrir Einarsson



Jóhanna Eiríksdóttir
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Jón G. Bjarnason útfararstjóri



Guðmundur Baldvinsson útfararstjóri



Magnús Sævar Magnússon útfararstjóri



Sigurður Bjarni Jónsson útfararstjóri
ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
Útfararþjónusta í yfir 70 ár
Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Ástkær faðir, tengdafaðir, afi,
sonur, bróðir og mágur okkar,
**Kristján Friðþjófsson**
lést á líknardeild Landspítalans
4. ágúst. Útför hans mun fara fram í kyrrþey.
Fyrir hönd aðstandenda hans eru færðar innilegar
þakkir til starfsfólks líknardeildar Landspítalans og Heru
líknarheimaþjónustu. Þeim sem vilja minnast hans
er bent á að styrkja Heru líknarheimaþjónustu.

**Heiðbjört Kristjánsdóttir og Ragnheiður Sigurðardóttir**



Elskulegur eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir og afi,
**Stefán Már Ingólfsson**
kennari,
er lést fimmtudaginn 29. júlí á
Hjúkrunarheimilinu Eir,
verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju
fimmtudaginn 12.ágúst kl. 13.

**Maríanna Elísa Franzdóttir**
**Helga María Stefánsdóttir Edda Stefanía Levy**
**Stefán Már Levy Helguson**
**Ástvaldur Þór Levy Helguson**



Elskulegur eiginmaður, faðir,
tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,
**Ingvar Þórðarson**
Smárabraut 7, Höfn í Hornafirði,
lést á Landspítalanum við Hringbraut
þann 3. ágúst sl. Útförin verður gerð
frá Hafnarkirkju þann 13. ágúst kl. 11, athöfninni verður
streymt á hafnarkirkja.is. Blóm og kransar afþakkaðir en
bent er á Bergmál, líknar- og vinafélag, 0117-26-1616, kt.
490294-2019 eða Krabbameinsfélag Suðausturlands,
0172-15-380067, kt. 420102- 2080.
Vinsamlega gætið að sóttvörnum.

**Guðný Svavarsdóttir**
**Svavar Þór Ingvarsson**
**Hálfdan Ingvarsson Jill Ingvarsson**
**Þórður Ingvarsson**
**Ingvar Árni Ingvarsson Becky Taylor**
**Ingibjörg Ingvarsdóttir Atli Sigurjónsson**
**Alexandra Ingvarsdóttir Fannar Örn Karlsson**
**barnabörn, barnabarnabarn og bræður hins látna.**



Innilegar þakkir fyrir hlýhug og
samúð við andlát og útför ástkærs
eiginmanns míns, föður okkar,
tengdaföður og afa,
**Höskuldar Erlendssonar**
húsgagnasmíðameistara og tollvarðar,

**Ásta Kröyer**
**Hilmar Höskuldsson Ástrós Guðlaugsdóttir**
**Erlendur Höskuldsson Sunneva Svavarsdóttir**
**Ásta Rún**
**Jón Ingi**
**Svavar**
**Hrafnhildur Fjóla**



Ástkær bróðir, mágur, stjúpfaðir
og móðurbróðir okkar,
**Páll Jónsson**
lést 10. júlí sl. Útförin fer fram
frá Digraneskirkju fimmtudaginn
19. ágúst klukkan 13.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir.

**Anna Pála Vignisdóttir**
**Páll Loftsson, Arnar Pétursson**
**Jóhanna Katrín Pálsdóttir**
**Jón Bragi Pálsson og Leifur Pálsson**



Hjartkær móðir okkar, stjúpmóðir,
tengdamóðir, systir, amma
og langamma,
**Ingibjörg Björnsdóttir**
Kópavogsbraut 1b,
lést í faðmi ástvina sinna á líknardeild
Landspítalans þann 6. ágúst 2021,
á 85 ára afmælisdaginn sinn.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Halldóra Viðarsdóttir Jóhann Úlfarsson**
**Kristín Ingu Viðarsdóttir Timothy Hercules Spanos**
**Björn Leví Viðarsson**
**Einar Ingi Magnússon Sigrún Guðmundsdóttir**
**Sigrún Magnúsdóttir Jón Helgason**
**Ása Magnúsdóttir**
**Ragnhildur Magnúsdóttir**
**Guðmundur Björnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Til að birta andláts-, útfarar- eða
þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að
senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is**
eða hringja í síma 550 5055 .



Ástkær faðir, tengdafaðir,
afi og langafi,
**Bjarni Ísleifsson**
kaupmaður,
Marteinslaug 14, Reykjavík,
andaðist á Hjúkrunarheimilinu Eir
Hlíðarhúsum 6. ágúst.
Sérstakar þakkir fær starfsfólkið
á Hjúkrunarheimilinu Eir.
Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Svanlaug Bjarnadóttir**
**Gylfi Már Bjarnason Elsa Eiríksdóttir Hjartar**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,
**Jódís Dagný Vilhjálmsdóttir**
Bjarkargötu 4, 101 Reykjavík,
lést á krabbameinsdeild Landspítalans
laugardaginn 31. júlí. Útförin fer fram frá
Dómkirkjunni föstudaginn
13. ágúst klukkan 15. Streymt verður frá athöfninni,
hlekk á streymi má nálgast á promynd.is/jodis

**Jón Pétursson**
**Vilhjálmur Jónsson Agnes Margrét Eiríksdóttir**
**Benedikt Jónsson Unnur Eva Jónsdóttir**
**Pétur Gauti Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

FRÉTTABLAÐIÐ

# ALLT

KYNNINGARBLAÐ

**ÞRIÐJUDAGUR** 10. ágúst 2021

FORLAGIÐ
Alltaf opið á www.forlagid.is



Það eru ekki allir kátir með að láta trufla sig við vinnu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Kjaftað í vinnunni

elin@frettabladid.is

Það getur verið mjög pirrandi þegar vinnufélagi truflar starfsmann við vinnu, til dæmis með spjalli um hvað gerðist um helgina. Samkvæmt nýrri bandarískri rannsókn er spjall á vinnutíma ekki alslæmt. Truflun í starfi getur leitt til þess að starfsmanninum finnst hann frekar vera heima en á vinnustað. Truflunin getur líka verið gagnleg til að kynnast betur samstarfsfólki. Spjall um léttvæga hluti eins og börn, gæludýr, fjallgöngur eða hvað annað fær fólk til að vinna betur saman og léttir andrúmsloftið. Truflunin getur því gert starfsfólkið ánægðara í vinnunni. Félagsleg samskipti geta haft jákvæð áhrif á vellíðan starfsmanns. Rannsóknin var birt í vísindaritinu Journal of Applied Psychology.

**Minni afköst**

Ókostir þess að vera truflaður þegar maður er í miðri fjárhagsáætlun eða öðrum mikilvægum verkefnum eru að fólk verður undir meira álagi við að klára verkið og sumir vinnufélagar eru miklir orkuþjófar. Þá getur hávaði frá vinnufélögum valdið streitu og óánægju á vinnustað.

Bresk rannsókn sýndi sömu niðurstöðu á síðasta ári. Það er bara ágætt að verða fyrir smá truflun við vinnu og spjalla við vinnufélagann, jafnvel þótt það dragi eitthvað úr afköstum. Í könnun sem norska blaðið Aftenposten gerði árið 2018 um sama efni kom fram að truflun í vinnu væri mikill tímaþjófur yfir starfsdaginn. Um 86% prósent svöruðu að truflun í vinnu væri vegna vinnufélaga. ■

TARAMAR



HEALING TREATMENT
Græðir brennda húð
www.taramar.is



Laufey Arnalds Johansen myndlistarmaður segist vera undir miklum áhrifum af eldri meisturum þegar hún vinnur verkin sín. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Listrænt heimili Laufeyjar

Laufey Arnalds Johansen á einstaklega fallegt og listrænt heimili þar sem hennar persónuleiki skín í gegn. Laufey er myndlistarmaður. Það er ekki það eina sem Laufey hefur tekið sér fyrir hendur, hún hefur starfað sem flugfreyja hjá Icelandair í áratugi. 2



**Sjöfn Þórðardóttir**
sjofn
@frettabladid.is

Það má með sanni segja að listrænir hæfileikar Laufeyjar fari vel saman við starf hennar í háloftunum og á ferðalögum sínum hafi hún fengið innblástur fyrir list sína og daglegt líf. Laufey á líka fjölskyldu sem hún elskar að vera með og bjóða heim. „Ég á tvær yndislegar dætur sem báðar eru fluttar að heiman og stjúpson sem býr í Svíþjóð,“ segir Laufey sem nýtur sín líka í móðurhlutverkinu. Áhugamál hennar eru fjölbreytt og teygja sig út í náttúruna. „Fyrir utan myndlistina þá elska ég að fara í golf og njóta náttúrunnar, ég fer á skíði og hef mikinn áhuga á ferðalögum bæði innanlands sem utan. Upp á síðkastið hef ég tekið upp á því að lesa indversk fræði, heimspeki/dulspeki. Ég spila á píanó þegar tækifæri gefst. Mér leiðist aldrei og finnst frekar vanta fleiri tíma í sólarhringinn ef eitthvað er því það er svo margt sem mig langar til að gera. Mér finnst gaman að elda góðan mat og baka mikið. Það er oftast til kaka á heimilinu. Ég er í miklu sambandi við vini mína sem ég hitti eins oft og tækifæri gefst og eigum gott spjall.“

**Glamúr og glæsileiki í fyrirrúmi**
Í þættinum Matur og heimili á Hringbraut í sumar var Laufey heimsótt og fengum við innsýn í heimilisstíl hennar. „Ég myndi segja að ég væri frekar fyrir mínimalískan eða stílhreinan stíl þar sem ég er ekki með mikið af hlutum. Kannski ögn klassískur stíll. Ég er sömuleiðis fyrir glamúr og glæsileika og á örugglega eftir að fá mér kristalsljósakrónur. Er fyrir fínar stofur og grand fallega hluti.“

Íbúðin hjá Laufeyju er frekar opin og flæði gott á milli stofu og borðstofu, eldhúss og sjónvarpskróks sem virkar sem ein heild. „Við nýtum allt þetta rými vel þegar við komum saman, breiðum úr okkur, látum fara vel um okkur og spjöllum. Ég nýt þess að fá alla í mat og það má því segja að opna rýmið, stofurnar, sé hjarta heimilisins.“

**Flygillinn í uppáhaldi**
Hlutirnir hennar Laufeyjar hafa margir tilfinningalegt gildi fyrir hana og sumir þeirra eiga sér sögu. „Margir hlutirnir mínir hafa tilfinningalegt gildi fyrir mig. Ég hef komið heim með ýmsa muni frá ólíkum menningarheimum í starfi mínu sem flugfreyja. Mér þykir einnig mjög vænt um þá fáu muni sem ég á eftir forfeður mína. Ég met mikils að eiga karöflu frá afa mínum, Einari Arnalds, og fallega klukku frá foreldrum hans, Matthildi Einarsdóttur Kvaran og Ara Arnalds. Kínverska skálin er úr búi foreldra minna og henni fylgja góðar minningar. Ég á yfirleitt hlutina lengi og geymi þá frekar í geymslunni heldur en að fleygja þeim. Ég er kannski smá safnari í mér.“

**„Myndin í eldhúsinu er eftir föður minn, Thulin Johansen. Myndina málaði hann á námskeiði í Danmörku. Þar var hann með rússneskan kennara og er þessi mynd ólík öðrum myndum eftir hann og er í miklu uppáhaldi. En faðir minn er mjög fær teiknari og landslagsmálari.“**



Glæsilegt verk fyrir ofan sófann. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



„Málverkið fyrir ofan píanóið er eftir móður mína, Matthildi Arnalds, sem mér finnst einstaklega fallegt verk. Mér finnst bein tenging vera til hennar æskuheimilis í verkinu og þess vegna valdi ég þessa mynd,“ segir Laufey.



Laufey horfir til íslenskrar náttúru í verkum sínum.



Laufey situr hér við flygilinn sem henni þykir einstaklega vænt um. Fallegt málverk má sjá í baksýn.



Borðstofusettið er í miklu uppáhaldi hjá Laufeyju. Móðir hennar fékk það í afmælisgjöf frá foreldrum sínum. Ljósið fyrir ofan fékk Laufey að gjöf frá vinum sem komu með þá hugmynd að það væri kannski gaman að spreyja það svart. Laufey segir að það verði verkefni sumarsins.

Uppáhaldshlutur Laufeyjar á heimilinu er flygillinn. „Ég hafði ekki aðgang að píanói í mörg ár og gladdist því mikið að geta eignast þennan fallega flygil fyrir fjórum árum,“ segir hún dreymin á svip.

**Dulúð og ævintýralegur blær**
Laufey málar og nýtur sín með pensilinn við hönd. Verkin hennar gefa frá sér sterka strauma og orku og ljóst að Laufey er innblásin af sköpun og ástríðu þegar verkin eru unnin. „Innblásturinn fæ ég víða hvort heldur sem er úr náttúrunni, norðurljósunum, eins og sést í grænu verkunum, eða úr hafinu. Ég er að vinna svo ólík verk. Ég er jafnframt að miðla umbreytingarorku sem hækkar tíðni í svörtu verkunum mínum. En þau eru mjög íslensk og minna óneitanlega á hraunið í íslenskri náttúru og svarta sanda við strendur Íslands. Einnig hef ég leitað á mið undirvitundarinnar sem kemur fram og upp á yfirborðið meðan ég mála og skapar einhvers konar dulúð sem kemur fram í ævintýralegum blæ margra verka minna.“

Laufey segist eiga sér fyrirmynd í listinni. „Ég einfaldlega elska Kjarval. Ég er oft undir miklum áhrifum frá honum og er að mála landslagsseríu sem ég beinlínis tengi við hann. Ætli sú sýning verði ekki kölluð Samtal við Kjarval.“

Einnig heldur Laufey mikið upp á Ásgrím, Þórarin B. Þorláksson, Nínu Tryggvadóttur, Pétur Friðrik og fleiri. „Þau eru öll landslagsmálarar en ég hef málað landslagsmyndir frá upphafi. Það voru mín fyrstu verk. Það kom mér reyndar verulega á óvart að ég færi þá leið á sínum tíma. Ég hef ávallt málað eina og eina slíka í gegnum tíðina en er að gefa í í þeim efnum. Í raun finnst mér skemmtilegast að mála landslagsmyndirnar, en hef lítið sem ekkert sýnt þær. En það kemur að því. Ég tengi því mjög við verk gömlu meistaranna og dáist að þeim.“

Aðspurð segir Laufey að uppáhalds litapallettan hennar sé tvískipt. „Litapallettan er í raun tvískipt, annars vegar mikið af bláum og grænum tónum, jarðlitum eða svört. Ég er oft með þær báðar í gangi í einu. Ég hef ávallt verið mjög blá en síðustu misseri hef ég notast við marga græna liti, allan skalann held ég bara.“

Laufey er með vinnustofu í Auðbrekku 14, Kópavogi í húsnæði sem SÍM - Samband íslenskra myndlistarmanna hefur til umráða og þar er hægt að heimsækja hana og skoða verk hennar. ■




**Allt er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir** sigriduringa@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Útgefandi:** Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Björn Víglundsson | **Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

# Bílablaðið

FRÉTTABLAÐIÐ
ÞRIÐJUDAGUR 10. ágúst 2021

## Fyrsti rafbíll Volvo hittir í mark



MYND/TRYGGVI ÞORMÓÐSSON

Samkeppni á markaði rafbíla eykst með degi hverjum og fjórhjóladrifnir jepplingar slást þar mest um hituna þessa dagana. Volvo kom nýlega með fyrsta 100% rafbíl sinn á markað og óhætt er að segja að framleiðandinn hafi hitt í mark með þessari fyrstu tilraun. 4



Hyundai Bayon er ekki bara eitthvað ofan á brauð en hann er fjórði jepplingurinn sem nú er fáanlegur frá Hyundai. 6



Væntanlegur er nýr rafdrifinn fólksbíll frá Mercedes sem tekur við af E-línunni og kallast því EQE. 2



Sala bíla á fyrri helmingi ársins 2021 hefur aukist um 13% frá því í fyrra en þar er Tesla Model 3 hástökkvarinn. 2





Nýr EQE fylgir þeirri tísku sem nú er allsráðandi í bílaheiminum, með afturljósaboga sem nær þvert yfir allan bílinn.

# Mercedes mun frumsýna EQE í Munchen

**Samkeppnin eykst í flokki stærri rafdrifinna fólksbíla en bíllinn mun nýta sér tæknina að miklu leyti úr EQS lúxusbílnum. Aflminnsta útgáfan verður yfir 300 hestöfl og AMG útfærslan fer yfir 700 hestöfl.**

njall@frettabladid.is

Hinn rafdrifni Mercedes-Benz EQE verður frumsýndur á bílasýningunni í München í september en Mercedes lét frá sér tvær myndir af þessum nýja bíl með fréttatilkynningu þess efnis.

Bíllinn mun fara í sölu á næsta ári og mun hann keppa við Tesla Model S og verður fyrsti stóri rafdrifni fólksbíllinn frá þýskum framleiðanda. Önnur myndin sýnir efri hluta útlína hans og afturenda með ljósarönd þvert yfir bílinn. Af fyrri njósnamyndum af bílnum er vitað að tiltölulega langt er á milli hjóla sem ætti að þýða gott innanrými.

Að innan er hann byggður á EQS þótt hann noti líklega ekki 55 tommu skjáinn í heild sinni. EQE verður byggður á sama EVA undirvagni og EQS en í honum er rafhlaðan 107 kWst með allt að 770 km drægi. Þar sem að undirvagninn er breytilegur í stærð má búast við minni rafhlöðu og þar af leiðandi minna drægi í EQE.

Búast má við bæði afturhjóladrifnum og fjórhjóladrifnum útgáfum með 300 hestöfl í aflminnstu útfærslum upp í rúm 700 hestöfl í AMG útgáfu. Sú útgáfa gæti orðið undir fjórum sekúndum í hundraðið.

Mjög líklegt er að hann geti notað sömu 200 kW hraðhleðslu og EQS, en þar er hægt að hlaða um 300 km drægi á allt að 15 mínútum. ■



VW Taigo mun koma á milli VW T-Cross og T-Roc í stærð en verður aðeins boðinn með framdrifi þrátt fyrir jepplingslagið.

# Volkswagen Taigo frumsýndur

**Byggir á VW Nivius sem framleiddur er í Suður-Ameríku en notar sama undirvagn og VW Polo.**

njall@frettalbadid.is

Volkswagen hefur frumsýnt myndir af nýjum bíl sem er á milli T-Cross og T-Roc í stærð. Bíllinn kallast Taigo og er nokkurs konar jepplingur þótt hann verði aðeins í boði með framdrifi.

Bíllinn byggir í raun og veru á VW Nivus sem framleiddur er fyrir markaði í Suður-Ameríku en hönnuðir Volkswagen breyttu honum fyrir Evrópumarkað og bættu á hann R-Line útfærslu. Fyrir vikið verður Taigo fáanlegur með búnaði sem sést venjulega bara í stærri bílum, eins og til dæmis IQ díóðuljósunum og sjálfvirkum skriðstilli sem sér um að halda réttri fjarlægð í næsta bíl. Allt að 9,2 tommu upplýsingaskjár verður í boði í dýrari útfærslum.

Þar sem Taigo er byggður á MQB A0 undirvagninum, sem einnig er



Um vel útbúinn bíl verður að ræða í grunnútgáfum Taigo með IQ díóðuljósum og 9,2 tommu háskerpuskjá.

undir VW Polo, T-Cross og T-Roc, má búast við að hann verði með sömu útfærslur af vélum. Minnsta vélin er eins lítra, þriggja strokka bensínvél með forþjöppu en hún er bæði með 94 og 108 hestafla útfærslu.

Með aflmeiri vélinni er hann fáanlegur með sex gíra beinskiptingu eða DSG sjálfskiptingu. Öflugasta vélin verður fjögurra strokka 1,5 lítra TSI bensínvél með forþjöppu og skilar hún 148 hestöflum. Engar áætlanir eru um að koma með GTI útgáfu af Taigo. ■



Mest seldi bíllinn í Evrópu í júní er VW Golf sem hefur verið einn mest seldi bíll álfunnar í langan tíma.

# Mest seldu bílar Evrópu 2021

**Sala bíla í Evrópu á enn eftir að ná sér á strik í kjölfar Covid-19 faraldursins í álfunni. Það horfir þó til betri vegar en fyrir ári síðan þótt skortur á íhlutum hafi hægt aðeins á þróuninni.**

njall@frettalbadid.is

Samkvæmt útreikningum Jato Analytics var smávægileg aukning á sölu rafbíla og tengiltvinnbíla í maí, og sala nýrra bíla jókst um 13% miðað við sama tímabil í fyrra. Eftirsóknin er þó nokkuð langt frá því sem hún var fyrir Covid-19.

Alls voru 1.268.683 bílar skráðir í Evrópu í maí sem er 14% minna en í maí árið 2019. Samtals seldust 6.410.000 bílar á fyrsta helmingi ársins 2021, sem er 27% aukning frá 2020 en 23 minna en árið 2019.

Rafdrifnir bílar standa sig vel og eru 18,5% af sölu nýrra bíla í Evrópu, sem er aukning um 8,2% síðan árið áður. Rafbílar seldust í 126.000 eintökum og tengiltvinnbílar í 104.000 eintökum. Jepplingurinn er vinsælasta bílformið en alls eru 44,2% seldra bíla jepplingar af einhverri gerð. Hafa ber þó í huga að hugtakið jepplingur eða SUV í Evrópu getur náð til margra bíla og alls ekki allir þeirra fjórhjóladrifnir. Sumar gerðir eru vinsælli en aðrar og hefur slagurinn staðið á milli Volkswagen Golf og Tesla Model 3 um hæstu sölutölurnar. ■

**Mest seldu bílarnir í Evrópu í júní 2021.**

| | | |
|---|---|---|
| 1. VW Golf | 27.247 | +12% |
| 2. Tesla Model 3 | 25.697 | +262% |
| 3. Dacia Sandero | 22.764 | +10% |
| 4. Renault Clio | 22.254 | -40% |
| 5. Fiat 500 | 22.179 | +64% |
| 6. Toyota Yaris | 21.698 | +112% |
| 7. VW T-Roc | 21.576 | +35% |
| 8. Opel Corsa | 21.124 | +24% |
| 9. Renault Captur | 20.168 | -9% |
| 10. VW Polo | 18.789 | +16% |



Tesla Model 3 seldist vel í júní og er með mestu aukninguna eða 262%.



Þótt Toyota Yaris sé í sjötta sæti er hann með 112% aukningu í sölu milli ára. Toyota Yaris var í vor kosinn Bíll ársins í Evrópu af bílablaðamönnum.



# MIKIÐ ÚRVAL

## AF VÖRUM AÐ FINNA Á BILANAUST.IS OG Í VERSLUNUM OKKAR UM ALLT LAND



REIÐHJÓLAFESTINGAR




KROON OIL VÖRUR



KERRUR




RAFGEYMAR




FARANGURSBOX




BÓN- OG HREINSIVÖRUR




MOTIP VÖRUR



RAFMAGNS HLAUPAHJÓL



FERÐAVÖRUR

**Bílanaust**

Á FULLRI FERÐ

STÓRVERSLUN
BÍLDSHÖFÐA 12
110 REYKJAVÍK
S. 535 9000

Vatnagörðum 12
104 Reykjavík
S. 535 9000

Dalshrauni 17
220 Hafnarfirði
S. 555 4800

Hafnargötu 52
260 Reykjanesbæ
S. 421 7510

Hrísmýri 7
800 Selfossi
S. 482 4200

Furuvöllum 15
600 Akureyri
S. 535 9085

Sólvangi 5
700 Egilsstöðum
S. 471 1244

www.bilanaust.is

Njáll Gunnlaugsson
njall
@frettabladid.is

Reynsluakstur

# Volvo XC40 Recharge P8

**KOSTIR**
- Upptak
- Framsæti
- Fjöðrun

**GALLAR**
- Veglínuskynjari
- Drægi

**Grunnverð:** 7.640.000 kr.
**Hestöfl:** 418
**Tog:** 660 Nm

**Hröðun 0-100 km:** 4,9 sek.
**Rafhlaða:** 78 kWst
**Eigin þyngd:** 2.113 kg

**Drægi:** 418 km
**L/B/H:** 4.425/2.034/1.651 mm
**Farangursrými:** 452 lítrar




Volvo XC40 Recharge er sláandi líkur öðrum XC40 bílum en þekkist á lokuðu grillinu. MYNDIR/TRYGGVI ÞORMÓÐSSON

# Fyrsti rafbíll Volvo hittir í mark

Volvo XC40 P8 Recharge er fyrsti 100% rafbíll Volvo frá grunni en hann er á sama undirvagni og Polestar 2.

Nú hrúgast þeir inn í landið hver af öðrum, rafjepplingarnir sem áttu að keppa við Tesla Model Y. Á meðan bólar ekkert á ypsiloninu þótt síðustu fréttir hermi að fyrstu eintök séu væntanleg með haustinu og þá frá Kína. Sá síðasti til að koma er Volvo XC40 Recharge P8 sem byggður er á sama CMA undirvagni og Polestar 2.

Nýjasta kynslóð XC40 var hönnuð með það í huga að geta notað rafbílaundirvagn og því er nánast ekkert breytt við þennan bíl að utanverðu. Hann þekkist helst á lokuðu grillinu og Recharge-merkingunum.

**Einfaldur og þægilegur**
Einfaldleiki við notkun er greinilega það sem hönnuðir XC40 Recharge voru að hugsa um. Það er lyklalaust aðgengi og ökumaður þarf ekki einu sinni að ræsa bílinn því hann skynjar þegar sest er í bílstjórasætið. Athygli vekur að mælaborðið sýnir ekki hvað bíllinn á eftir í kílómetrum og þarf að spyrja Google til að fá þær upplýsingar. Kominn er nýr og betri upplýsingaskjár sem er með innbyggðu Android Auto og Google Maps ásamt Google hjálparhellu.

Einn helsti kostur bílsins í innanrými eru sætin sem eru einstaklega þægileg í anda Volvo.




Mælaborð er í senn fágað og einfalt og framsætin eru alltaf góð í Volvo.

FRÉTTABLAÐIÐ

# Fasteignablaðið

32. TBL. ÞRIÐJUDAGUR 10. ágúst 2021

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS

heimili fasteignasala
á traustum grunni
Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.



Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is

FÉLAG FASTEIGNASALA

domus



Ársæll Steinmóðsson
Löggiltur fasteignasali
as@domus.is
sími: 896-6076

Domus fasteignasala | Fjarðargata 13-15 | 220 Hafnarfjörður | Sími 440 6000 | domus@domus.is

**Bogatröð 4 262 Reykjanesbæ.**







**Til sölu** 639,1 fm einangrað stálgrindarhús á gamla varnarsvæðinu. Steypt plan við húsið er yfir 2000 fm. Lofthæð í húsinu er um 6 m og á báðum göflum eru ca 5 m innkeyrsluhurðir og gönguhurð báðu megin. Milliveggur með gönguhurð skiptir húsinu í tvennt.

**Nánari upplýsingar veitir Ársæll Igfs í síma 896-6076 og á netfanginu as@domus.is**

www.domus.is



Stórt og veglegt raðhús til sölu við Aflagranda í Reykjavík.

# Raðhús við Aflagranda

**Fasteignamarkaðurinn ehf. s. 570-4500 kynnir til sölu mjög vandað, fallegt og vel skipulagt 312 fermetra raðhús á tveimur hæðum og risi ásamt kjallara á mjög eftirsóttum stað við Aflagranda í Reykjavík.**

Húsið er allt teiknað að utan og innan af Guðmundi Kr. Guðmundssyni arkitekt. Mögulegt væri að setja upp baðherbergi í kjallara hússins þar sem niðurfall og vatnsrör eru til staðar. Eins væri hægt að tengja fyrir heitum potti á baklóð.

1. hæð hússins er 70,4 fermetrar að stærð en auk þess er 20,2 fermetra bílskúr og 20,0 fermetra sólskáli.

Forstofa er flísalögð og rúmgóð með fataskápum og fatahengi. Þvottaherbergi er mjög rúmgott með glugga. Flísalagt gólf og innrétting með vinnuborði og vaski. Búr er inn af þvottaherbergi sem er flísalagt og með hillum.

Hol, parketlagt og rúmgott. Baðherbergi I, flísalagt gólf og veggir, innrétting og flísalögð sturta. Borðstofa, parketlögð og björt með gluggum til suðurs. Falleg dönsk stálkamína er í borðstofu. Eldhús, parketlagt og bjart með glugga til suðurs og opið við borðstofu að hluta.

Sólskáli, sem opið er í úr eldhúsi / borðstofu. Flísalagt gólf og gólfhiti. Tveir útgangar á hellulagða og afgirta lóð til suðurs með fallegum gróðri. Sólskáli er ekki inni í birtri stærð í FMR.

> Staðsetning eignarinnar er virkilega góð á mjög eftirsóttum stað í Vesturbænum þaðan sem stutt er í leikskóla, grunnskóla, Háskóla Íslands, sundlaug og íþróttasvæði KR.

Bílskúr, með lökkuðu gólfi, rafmagni, hita og rennandi vatni.

Lýsing efri hæðar hússins, gengið er upp steyptan og teppalagðan stiga og er 87,0 fermetrar að stærð. Samliggjandi stofur, parketlagðar og bjartar með útgengi á svalir til suðurs og mjög mikilli lofthæð. Fallegur arinn í stofum.

Svefngangur, parketlagður. Barnaherbergi I, parketlagt og rúmgott með fataskápum. Baðherbergi, með glugga, flísalagt gólf og veggir, baðkar og innrétting. Hjónaherbergi, stórt, parketlagt og með fataskápum.

Lýsing rishæðar hússins, gengið er upp steyptan og teppalagðan stiga og er 24,1 fermetri að stærð (er þó í raun stærri þar sem hún er undir súð að hluta). Stigapallur, parketlagður og bjartur og hefur verið nýttur sem vinnuaðstaða. Barnaherbergi II, stórt, parketlagt og með fataskápum.

Lýsing kjallara hússins sem gengið er í um steyptan og teppalagðan stiga úr holi 1. hæðar og er 90,6 fermetrar að stærð. Sjónvarpsstofa, linoleumdúklögð og stór með glugga til suðurs. Barnaherbergi III, linoleumdúklagt og stórt með glugga til suðurs. Hobbíherbergi, linoleumdúklagt og stórt, gluggalaust en með lofträstingu. Geymsla, linoleumdúklögð og rúmgóð með hillum.

Húsið að utan hefur alla tíð fengið gott viðhald og lítur vel út.

Lóðin er mjög falleg með hellulagðri innkeyrslu og stéttum fyrir framan húsið með hitalögnum undir og fallegum beðum undir gróður. Baklóðin er öll afgirt og mjög skjólsæl með hellulagðri verönd og mjög fallegum trjágróðri. Vatnsúttak fyrir garðslöngu og rafmagnsinnstunga eru á vegg á baklóð.

Staðsetning eignarinnar er virkilega góð á mjög eftirsóttum stað í Vesturbænum þaðan sem stutt er í leikskóla, barnaskóla, gagnfræðaskóla, Háskóla Íslands, Sundlaug Vesturbæjar, Melabúðina, íþróttasvæði KR o.fl. ■

Allar nánari upplýsingar veittar á skrifstofu Fasteignamarkaðarins ehf. í síma 570-4500 eða á netfanginu fastmark@fastmark.is

Reykjavík
Snæfellsbæ
Höfn Hornafirði

VALHÖLL FASTEIGNASALA STOFNUÐ 1995

588 4477
Síðumúla 27
www.valholl.is











**Ingólfur Geir Gissurarson** Framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali og leigumiðlari **896 5222**

**Heiðar Friðjónsson** Sölustjóri. Löggiltur fasteignasali B.Sc **693 3356**

**Hildur Harðardóttir** Lögfræðingur. Löggiltur fasteignasali. Skjalagerð. **897 1339**

**Snorri Snorrason** Löggiltur Fasteignasali **895 2115**

**Embla Valberg** Löggiltur fasteignasali. Skrifstofustjóri. embla@valholl.is **588 4477**











**Hrafnhildur B. Baldursdóttir** Löggiltur fasteignasali. BA í Stjórnmálafræði. **862 1110**

**Pétur Steinar Jóhannsson** Aðstoðarm. fasteingasala Snæfellsnesi **893 4718**

**Anna F. Gunnarsdóttir** Löggiltur Fasteignasali Lista og innanhús Stílisti **892 8778**

**Sturla Pétursson** Löggiltur Fasteignasali. **899 9083**

**Rakel Árnadóttir** Lögg. fasteignasali. Mannfræðingur/alþjóðatengill. **895 8497**

Framúrskarandi fyrirtæki 2015 2018

*Fagleg þjónusta*
*Vönduð vinnubrögð*

*Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!*

BERG FASTEIGNASALA

**Háholt 14, Mosfellsbær**
• Sími: 588 5530 • berg@berg.is
• www.berg.is • GSM 897 0047





Davíð Ólafsson
lögg. fasteignasali
david@berg.is
s. 766-6633

Pétur Pétursson
lögg. fasteignasali
petur@berg.is
s. 897-0047

Traust þjónusta - mikil sala

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

**Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík**


**Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is**
**Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali**
**Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali**


*Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI*
















Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is

Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is

Elín D. Guðmunds-dóttir
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is

Úlfar Freyr Jóhannsson
hdl og lögg. fasteignasali
ulfar@fastmark.is

Sigríður Kjartansdóttir
Lögg. fasteignasali
sigridur@fastmark.is

Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is

Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is


# Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á skrá.

## Skoðum og metum samdægurs. Sanngjörn söluþóknun.

## *Fagranes í Hörgárdal*

Til sölu eyðijörðin / lögbýlið Fagranes í Hörgárdal sem stendur beint á móti Hrauni í Öxnadal og frá jörðinni nýtur einstaks útsýnis yfir þá náttúruperlu. Um er að ræða 1200 hektara jörð sem að stórum hluta er á fjalli.

Jörðin er skráð sem lögbýli og byggja má þrjú hús á henni skv. upplýsingum frá byggingarfulltrúa á svæðinu þrátt fyrir að ekkert deiliskipulag liggi fyrir á svæðinu. Þetta er heimilt þar sem jörðin er skráð sem lögbýli.

Samningur er um skógrækt á jörðinni við Skógræktina. Jörðinni fylgir veiðiréttur í Hörgá sem felst í nokkrum bændadögum. Ágæt rjúpna- og gæsaveiði er á jörðinni.

Ekkert deiliskipulag liggur fyrir á jörðinni og ekki er komið rafmagn eða rennandi vatn að henni. Þó eru lækir í fjallinu sem nýta mætti bæði sem neysluvatn og til minni virkjunar.

## *Sumarhús - Efsti-Dalur, Bláskógabyggð.*



- Vel staðsett 46,5 fermetra sumarhús í Efsta-Dal í Bláskógabyggð með stórkostlegu útsýni yfir suðurlandsundirlendið og að Eyjafjallajökli, Heklu og víðar.
- Húsið stendur á 4.690,0 fermetra skjólsælli og gróinni lóð. Hitaveita er á svæðinu þó að hún hafi enn ekki verið tekin inn í húsið.
- Gott malarborið bílaplan er við bústaðinn og er pláss fyrir 4-5 bíla.
- Stutt er í alla þjónustu. 10 mínútna akstur er á Laugarvatn og að Geysi. Góðir golfvellir og sundlaugar eru í næsta nágrenni.

**Verð 19,9 millj.**

## *Sumarhús við Meðalfellsvatn*



Nýlegur og virkilega vel staðsettur 66,6 fermetra sumarbústaður við Meðalfellsvatn í Kjós auk 12,0 fermetra gestahúss og um 6,0 fermetra vinnuskúrs, samtals 84,6 fermetrar.

Húsið er byggt árið 2007. Aukin lofthæð er í eldhúsi og stofu hússins. Stórar og vandaðar viðarverandir til suðurs, vesturs og austurs með rafmagnspotti á.

Lóðin er 1.900 fermetra leigulóð með hliði við innkeyrslu. Hitaveita er komin að lóðarmörkum en á eftir að taka hana inn í húsið. Staðsetning eignarinnar er við vesturenda Meðalfellsvatns og nýtur sólar allan daginn á lóðinni. Aðkoma að húsinu er góð og stórt bílastæði er við húsið.

**Verð 35,9 millj.**

## *Sumarhús – Valhallarstígur - Þingvöllum*



- Reisulegt sumarhús við Valhallarstíg Nyrðri, Þingvöllum, Bláskógabyggð. Gróin lóð með hávöxnum trjám við opið svæði nærri Þingvallavatni með víðáttumiklu útsýni yfir vatnið og fjallasýn.
- Húsið er afar vel byggt hús frá fyrstu gerð, reisulegt og stílhreint, en þarfnast talsverðrar endurnýjunar. Timburhús á steyptum grunni, ein hæð og ris, byggt á árunum 1929-1930 að raunstærð um 125,0 fm.
- Lóðin er leigulóð 5.600,0 fm. að stærð og er í eigu Ríkissjóðs Íslands. Aðgengi að húsinu er mjög gott frá bílaplani framan við húsið.



# Laugavegur 114, 116 og 118b
# Rauðarárstígur 10

**TIL SÖLU**







U.þ.b. 8.200 m2 fasteign í hjarta miðbæjarins sem býður upp á mikla framtíðarmöguleika

Fasteignin er eitt af kennileitum Reykjavíkur og er staðsett á horni Laugavegar og Snorrabrautar

Staðsetning er við Hlemm, miðpunkt fyrirhugaðrar Borgarlínu

Fjölbreytt mannlíf, veitingastaðir, kaffihús og hótel í nágrenninu

Við Hlemmtorg eru fyrirhugaðar spennandi breytingar sem auka notkunargildi svæðisins

Fasteignin við Laugaveg 114-118b var teiknuð af Gunnlaugi Helgasyni arkitekt

Bílastæðahús með 191 stæðum er í göngufæri

Aðgangsstýrt bílastæði í bakgarði með 91 stæði

Burðarvirki hússins samanstendur af steyptum bitum og súlum

Lagnakerfi hússins þarfnast endurnýjunar samhliða breyttri notkun og uppbyggingu

Tækifæri fyrir fjárfesta eða þróunaraðila til að finna byggingunni nýtt og nútímalegt hlutverk.

Frekari upplýsingar um eignina er hægt að nálgast á heimasíðu Ríkiskaupa www.rikiskaup.is.

Hægt er að senda fyrirspurnir á netfangið fasteignir@rikiskaup.is.
Fyrirspurnum verður svarað í ágúst eftir sumarleyfi.
Aðilar eru hvattir til að kynna sér fyrirliggjandi gögn.

Mat verður lagt á tilboð sem berast um miðjan ágúst. Boðið verður upp á skoðunarferð áður.

Seljandi áskilur sér rétt til að hafna öllum tilboðum.

RÍKISKAUP






Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

# MIKLABORG



**Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson**
hdl. og löggiltir fasteignasalar

**Jón Rafn Valdimars**
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520

**Gunnar S. Jónsson**
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856

**Ólafur Finnbogason**
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307

**Atli S. Sigvarðsson**
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178

**Elín Alfreðsdóttir**
lögg. fasteignasali
Sími: 899 3090

**Þórunn Pálsdóttir**
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000

**Ómar Hvanndal**
hdl. & aðst. fasteignas
Sími: 832 3200

**Barbara R. Bergþórs**
lögg. fasteignasali
Sími: 823 0339

**Svan G. Guðlaugsson**
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300

**Ásgrímur Ásmunds**
hdl. & lögg. fasteignas
Sími: 865 4120

**Þröstur Þórhallsson**
lögg. fasteignasali
Sími: 897 0634

**Jórunn Skúladóttir**
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958

2015 2020
Framúrskarandi fyrirtæki



**Þóroddur S. Skapta**
lögg. fasteignasali
Sími: 868 4508

**Jason Kr. Ólafsson**
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515

**Axel Axelsson**
lögg. fasteignasali
Sími: 778 7272

**Óskar H. Bjarnasen**
lögg. fasteignasali
Sími: 691 1931

**Kjartan Í. Guðmunds**
lögg. fasteignasali
Sími: 663 4392

**Þórhallur Biering**
lögg. fasteignasali
Sími: 896 8232

**Friðrik Þ. Stefáns**
hdl. & aðst. fasteignas.
Sími: 616 1313

**Friðjón Ö. Magnúss.**
lögg. fasteignasali
Sími: 692 2704

**Óskar S. Axelsson**
aðst. fasteignasala
Sími: 691 2312

**Ingi Þór Ingólfsson**
lögg. fasteignasali
Sími: 698 4450

**Páll Þórólfsson**
lögg. fasteignasali
Sími: 893 9929

**Ragnheiður Péturs**
hdl. og löggiltur fasteignasali

## Holtasel 37
**109 Reykjavík**




### Fallegt 226,5 fm einbýli, á tveim hæðum

- 3 svefnherbergi, bæta má 2 við
- Sólrík verönd mót suðri
- Stór stofa með arni
- Mikið endurnýjuð neðri hæð
- 31 fm bílskúr

Verð: **109,5 millj.**



**Friðrik Þ. Stefánsson**
hdl. og aðst. fasteignas.
**Sími: 616 1313**
fridrik@miklaborg.is



**Ólafur Finnbogason**
lögg. fasteignasali
**Sími: 822 2307**
olafur@miklaborg.is




## Naustabryggja 13
**110 Reykjavík**

### Falleg og vel skipulögð 111 fm íbúð á tveimur hæðum

- Eignin skiptist í 3 svefnherbergi, eldhús, stofu, geymslu innan íbúðar, baðherbergi, þvottahús, sjónvarpshol.
- Stæði í bílageymslu



**Ingi Þór Ingólfsson**
lögg. fasteigna & skipasali
**Sími: 698 4450**
ingi@miklaborg.is



**Óskar S. Axelsson**
aðst. fasteignasala
**Sími: 691 2312**
osa@miklaborg.is

Verð: **55,9 millj.**




## Hólavallagata 5
**101 Reykjavík**

### Falleg 56,7 fm íbúð í kjallara

- Rúmgóð stofa. Svefnherbergi með nýlegum fataskápum
- Eldhús með borðkrók við glugga
- Baðherbergi endurnýjað
- Staðsetning einstök, við Landakotstún
- Skolp og dren endurnýjað
- Húsið hefur verið endur steinað
- Afhending strax við samning





**Jórunn Skúladóttir**
lögg. fasteignasali
**Sími: 845 8958**
jorunn@miklaborg.is

Verð: **35,9 millj.**

Fasteignasalan
Miklaborg
Lágmúla 4
108 Reykjavík

**569 7000**

**Með þér alla leið**

**miklaborg.is**




**VINSÆLT VEITINGA- OG MENNINGARHÚS TIL SÖLU Í ÞORLÁKSHÖFN**

Hef fengið til sölumeðferðar hið vinsæla veitinga- og menningarhús "Hendur í höfn Bistro-Café" í Þorlákshöfn. Frábært tækifæri til að kaupa vinsælan veitingastað og veisluþjónustu með mikla vaxtarmöguleika, góðan rekstur og góð viðskiptasambönd.

**Nánari upplýsingar veitir:** Hólmar Björn Sigþórsson löggiltur fasteignasali, holmar@helgafell fasteignasala.is.




ráðum
ráðningarstofa

Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.
Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

job
Finnum draumastarfið **saman**



Erum við að leita **að þér?**

# Fyrirtæki ársins 2021

hagvangur.is

HAGVANGUR

» Ráðningarþjónusta

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.




» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

- **Vinnusparnaður**
Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

- **Markviss leit**
Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

- **Þriggja mánaða ábyrgð**
Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

- **Ekkert staðfestingargjald**
Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

- **Fjöldi hæfra umsækjenda**
Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

- **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

- **Reynsla og þekking**
Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmanna-mála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

- **Sanngjarnt verð**
Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

HH
RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

# Vantar þig blaðið í dag, í gær eða kannski helgarblað frá því í fyrra?

## Kíktu á BLÖÐIN á frettabladid.is

» Á **frettabladid.is** finnur þú Fréttablaðið í dag og safn eldri blaða undir flipanum **Blöðin**




Lestu Fréttablaðið þegar þér hentar á

frettabladid.is

**»Meðal annars náðum við að prófa bílinn vel á möl en þar er hann sá besti sem undirritaður hefur prófað af rafbílum.**

Plássið er gott miðað við stærð en þeir sem vilja meira rými í aftursætum þurfa að bíða eftir XC60 og XC90 bílunum þegar þeir koma rafdrifnir með næstu kynslóð. Þrátt fyrir að farangursrými aftur í sé 47 lítrum minna bætir hann það upp með 31 lítra farangursplássi undir húddinu.

**Veglínuskynjari fer villu vegar**

Það er í senn einfalt og skemmtilegt að aka þessum bíl. Ekki þarf að velja akstursstillingar en þess í stað er hægt að þyngja aðeins stýrið og velja „One pedal Drive“ sem eykur talsvert mótorhemlun bílsins í akstri.

Bíllinn er hljóðlátur eins og við er að búast í rafmagnsbíl en líka að mestu laus við veghljóð sem einkennir suma rafbíla vegna stærri hjólbarða þeirra. Bíllinn er uppfullur af öryggisbúnaði eins og búast má við af Volvo og má þar nefna árekstrarvara að framan og aftan auk veglínuskynjara sem heldur bílnum á veginum þegar hann er settur á skriðstillinguna. Þarf þá mjög lítið annað að gera en að hafa allavega aðra hönd á stýri og bíllinn sér um annað sjálfur.

Vissara er þó að hafa augun hjá sér því að það er ekki víst að íslenskir vegir séu þeir bestu þegar kemur að sjálfvirkum akstri. Til dæmis þegar komið var að vegarbót þar sem aðeins var búið að malbika hægra hjólfar, hélt bíllinn að hér væri komin vegbrúnin og reyndi að færa bílinn inn á miðju vegarins.

**Góður og aflmikill akstursbíll**

Bíllinn kemur með 78 kWst rafhlöðu sem sér tveimur rafmótorum fyrir afli. Fjórhjóladrif er því til staðar og aflið er talsvert, eða 402 hestöfl og 660 Nm tog. Þrátt fyrir talsverða þyngd, eða rúm 2,2 tonn, er bíllinn léttur og skemmtilegur í akstri. Það er helst við hemlun sem það finnst fyrir þyngdarmuninum, en bíllinn er hálfu tonni þyngri en sams konar bíll með brunahreyfli.

Fjöðrunin er McPherson turnar að framan og fjölliða að aftan og það virðist vera sama hverju þú hendir þessum bíl í, hann ræður við það allt saman án þess að missa grip. Meðal annars náðum við að prófa hann á malarvegi og þar er hann sá allra besti sem undirritaður hefur prófað af rafbílum.

**Hörð samkeppni í flokknum**

Grunnverð bílsins með þjónustu og viðhaldi næstu 36 mánuði, eða 100.000 km akstri, er 7.640.000 kr. Einnig er hægt að velja Care+ tilboð sem er 450.000 kr. hærra og fylgir þá með kaskótrygging frá Sjóvá. Með tengingu við 150 kW hraðhleðslu er rafhlaðan 40 mínútur að ná 80% hleðslu, en með 11 kWst heimahleðslustöð tekur það um átta klukkutíma.

Hans helstu samkeppnisaðilar eru BMW iX3, Audi Q4 e-tron og Tesla Model Y. Til að fá Audi Q4 e-tron með fjórhjóladrifi kemur hann með 82 kWst rafhlöðu og 443 km drægi og er grunnverðið 7.690.000 kr. BMW iX3 er ekki í boði eins og er hjá BL og Tesla Model Y er nýkomin í sölu hjá Tesla á Íslandi. Þar kostar hann frá 7.900.000 kr. í Long Range útgáfu með fjórhjóladrifi. Samkeppnin er því ansi hörð í þessum flokki og betra að bera saman bíla út frá þörfum kaupandans, hvort sem það er drægi, afl, upptak, hleðslugeta eða búnaður. ■



Pláss í aftursætum er viðunandi en útstig er í þrengri kantinum.



Farangursrými er 452 lítrar og má stilla það á ýmsa vegu auk þess sem kostur er á lúgu fyrir lengri hluti.



Bíllinn liggur vel og leggst lítið í beygjurnar og þarf mikið til þess að hann losi hjól.



Auka farangursrými er undir húddinu sem tekur 31 lítra í viðbót.


westfalia AUTOMOTIVE

DRÁTTARBEISLI

Hágæða beisli, föst eða losanleg, fyrir flestar gerðir fólksbíla og jeppa. Upplýsingar um verð og afgreiðslutíma hjá Bílanaust.



Bílanaust Á FULLRI FERÐ

Hafnargötu 52 260 Reykjanesbæ S. 421 7510 | Hrísmýri 7 800 Selfossi S. 482 4200 | Furuvöllum 15 600 Akureyri S. 535 9085 | Sólvangi 5 700 Egilsstöðum S. 471 1244

STÓRVERSLUN DVERGSHÖFÐA 2 110 Reykjavík S. 535 9000 | Vatnagörðum 12 104 Reykjavík S. 535 9000 | Dalshrauni 17 220 Hafnarfirði S. 555 4800

www.bilanaust.is



Njáll Gunnlaugsson
njall
@frettabladid.is

Reynsluakstur

# Hyundai Bayon

**KOSTIR**
- Verð
- Pláss aftur í
- Upplýsingaskjáir

**GALLAR**
- Lítil framsæti
- Afl
- Framsæti

**Grunnverð:** 3.890.000 kr.
**Rúmtak:** 998 rsm
**Hestöfl:** 100
**Tog:** 172 Nm

**Hröðun 0-100 km:** 11,7 sek
**Hámarkshraði:** 183 km
**CO2:** 122-134 g/km
**Eigin þyngd:** 1.095 kg

**L/B/H:** 4.180/1.775/1.490 mm
**Hjólhaf:** 2.580 mm
**Farangursrými:** 334 lítrar





Vel búið mælaborð með stórum skjá og miklum búnaði er einn af helstu kostum bílsins.

## Ekki bara eitthvað ofan á brauð

Hyundai Bayon er sérstakur í útliti með tvískiptum aðalljósum og hvössum línum. MYNDIR/TRYGGVI ÞORMÓÐSSON

Hyundai Bayon keppir við bíla eins og Kia Stonic og VW T-Cross en hér er ekki verið að spara áleggið þegar kemur að búnaðarlista bílsins.

Er virkilega þörf á einum blendingsbílnum í viðbót? Hyundai finnst það greinilega með nýjustu viðbót sinni, sem kallast Bayon, og við erum ekki að tala um eitthvað ofan á brauð. Fyrir eru jepplingarnir Santa Fe og Tucson og síðan hin minni Kona en Bayon er styttri og mjórri en hún, en reyndar bæði hærri og með stærra farangursrými.

**Aðeins ein vél í boði**

Útfærsla Bayon er mun einfaldari en Kona, sem er fáanleg í alls konar útfærslum, og aðeins verður ein vél í boði, þriggja strokka eins lítra vél með forþjöppu. Eru tvær aflútfærslur af vélinni með mildri tvinntækni, annars vegar 100 hestöfl og hins vegar 118, en eins og er býður umboðið aðeins upp á 100 hestafla útgáfuna. Þótt hér sé enginn kraftabíll á ferðinni er upptakið sæmilegt og dugar eflaust flestum. Gallinn er að geta ekki keypt sér öflugri útgáfu kjósi einhver svo.

Reyndar er svokölluð sportstilling í boði í bílnum sem er pínulítið spaugilegt því það breytir engu nema viðbrögði í stýri og hvernig bíllinn skiptir sér, en afskaplega lítinn mun er að finna á bílnum. Að því sögðu er bíllinn skemmtilegur að keyra, liggur vel og gefur gott viðbragð í stýri.

**Plássið best aftur í**

Um vel búinn bíl er að ræða í Bayon í hvaða útfærslu sem er. Má þar nefna að 10,25 tommu upplýsingaskjár er staðalbúnaður sem er gott fyrir bíl í þessum verðflokki. Einnig má finna þráðlausa símahleðslu, regnskynjara og loftkælingu svo eitthvað sé nefnt. Plássið í Bayon er gott aftur í en ekki eins gott fram í. Er það bæði vegna þess að sæti eru frekar lítil með stuttri setu og því ekki fyrir alla að keyra bílinn. Betra pláss er í aftursætum, merkilegt nokk, og þar getur farið vel um allavega tvo fullorðna. Það að bíllinn er í hærra lagi fyrir bíl í þessum flokki spilar líka inn í enda er höfuðrými nokkuð gott. Plássið í farangursrými er allgott, eða 334 lítrar, en hægt er að stækka það í 1.205 lítra sem segir nokkuð um plássið í aftari sætaröðinni.

**Gerir betur í búnaði**

Hyundai Bayon keppir við bíla eins og VW T-Cross og Kia Stonic og líkt og þeir er um vel búna bíla að ræða miðað við stærð.

Grunnverð Kia Stonic er 3.790.777 kr. en fara þarf í Style útgáfu til að fá að mörgu leyti sambærilegan bíl sem kostar þá 4.190.000 kr. Sjálfskiptur kostar Kia Stonic 3.990.777 kr. Það sama má segja í VW T-Cross sem kostar einnig frá 3.790.000 kr. en betur búin Life útfærsla er frá 4.290.000 kr. beinskiptur og fer upp í 4.690.000 kr. sjálfskiptur. Hyundai Bayon kostar frá 3.890.000 kr. sjálfskiptur og er betur búinn í grunninn. ■



Vélin er þriggja strokka og skilar 100 hestöflum sem er í minna lagi og ekki hægt að biðja um meira.



Besta plássið er í aftursætum þar sem fer vel um tvo fullvaxna farþega.



Farangursrými er þokkalegt og betra en í Hyundai Kona sem er aðeins stærri bíll.

MICKEY THOMPSON
M/T
JEPPADEKK

Þegar „kófinu" slotar, fara bílar að rúlla... Við erum tilbúnir með dekkin!



Mickey Thompson Baja Boss
40X13.50R17



Mickey Thompson Baja Claw
19.5/46-16

Icetrack ehf 773-4334 mtdekk@mtdekk.is www.mtdekk.is




# Taktu Krók á leiðarenda

Krókur  er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahliða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:
• Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum

**KRÓKUR**
*á þinni leið*

Vesturhraun 5 210 Garðabær

# Czinger 21C ofurbíllinn slær brautarmetið á Laguna Seca

njall@frettabladid.is

Ofursportbíllinn Czinger 21C hefur sett nýtt brautarmet á Laguna Seca-brautinni í Kaliforníu. Þessi 1.233 hestafla bíll bætti met McLaren Senna bílsins um meira en tvær sekúndur á tímanum 1 mín. 25,44 sek. Það var ameríski ökuþórinn Joel Miller sem var bak við stýrið á bílnum, sem var á löglegum Michelin Pilot Sport götudekkjum. Bíllinn er aðeins 1.240 kg og er því nánast eitt hestafl á hvert kíló sem hafði sitt að segja, en bíllinn sló metið tvisvar áður en þessum besta tíma var náð. Fleiri met virðast vera í krosshárunum hjá Czinger, en nýjasta útgáfa bílsins verður frumsýnd í vikunni á Pebble Beach bílasýningunni.



Czinger 21C bíllinn á Laguna Seca-brautinni í Kaliforníu sem er meðal annars þekkt fyrir beygju sem kölluð er tappatogarinn.

Bíllinn er búinn 2,88 lítra V8 vél með tveimur forþjöppum sem skilar 950 hestöflum, en á hvoru framhjóli eru aukalega rafmótorar sem skila 150 hestöflum hver.

Hámarkshraði bílsins er 452 km á klst. og hröðunin í 100 km er aðeins 1,9 sekúndur. Hröðunin í 300 km er enn eftirtektarverðari en það tekur aðeins 13,8 sekúndur að ná þeim hraða. ■



R1T pallbíllinn verður fyrsti bíll Rivian á markað í næsta mánuði.

## Rivian að skoða smíði verksmiðju í Bretlandi

njall@frettabladid.is

Rafbílaframleiðandinn Rivian er að skoða það alvarlega að hefja byggingu verksmiðju í Bretlandi, nánar tiltekið í Bristol. Rivian er stutt af fjársterkum aðilum eins og Amazon og Ford og snúast viðræðurnar um þátttöku breska ríkisins í verkefninu. Þótt viðræður séu aðeins á byrjunarstigi er hér um miklar fjárhæðir að ræða og eftir miklu að slægjast fyrir báða aðila.

Rivian hefur þurft að seinka afhendingum á fyrstu bílum sínum, en þeir munu nú loks verða væntanlegir með haustinu. R1T pallbíllinn mun koma í sölu í september og R1S jepplingurinn með haustinu. ■



Tesla auglýsti eftir hönnunarfólki í Kína og birti með þessa mynd af bíl í sömu stærð og Nissan Leaf.

## Ódýrari Tesla mögulega handan við hornið

njall@frettabladid.is

Samkvæmt fréttum frá Kína er búið að hanna og smíða bíl sem kallaður er Model 2 eins og er, og er um lítinn rafbíl að ræða sem keppa mun við Nissan Leaf. Er sagt að bíllinn verði undir 25.000 dollurum en Nissan Leaf kostar 28.375 dollara á Bandaríkjamarkaði. Elon Musk hefur einnig látið hafa eftir sér nýlega að von sé á minni Teslu og að merkið stefndi á að selja 30 milljónir rafbíla fyrir 2026.

Samkvæmt orðrómnum um Model 2 er stutt í að bíllinn verði frumsýndur og gæti það jafnvel orðið á þessu ári. Er einnig sagt að framleiðsla fyrstu bílanna fari í gang áður en árið er liðið. Hvort smábíll frá Tesla fari í sölu á næsta ári verður þó bara að koma í ljós. ■



lavera
NATURKOSMETIK










# „ NÝ HÁRLÍNA FRÁ LAVERA

- **Einstök formúla sem þykkir og mýkir.**
- **Sjö nýjar tegundir af sjampói og næringu.**
- **Lífrænt vottað og sílikon frítt í endurunnum umbúðum.**

*Fylgdu okkur:*
*„Lavera Íslandi"*

*Sölustaðir: heilsuverslanir, Hagkaup, Heimkaup.is og valin apótek.*

# Smáauglýsingar

**550 5055**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki



Nýr 2021 Nissan Leaf e+ 62 kWh Tekna 3ja ára evrópsk verksmiðjuábyrgð. Með öllu sem hægt er að fá í þessa bíla. Reykgrár - hvítur og Dökkgrár. 800.000 undir tilboðsverði umboðs á aðeins 4.990.000,-

**Sparibíll ehf**
**Hátún 6A, 105 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**




## Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-250þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Þjónusta

## Garðyrkja




Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Almenn garðvinna, sláttur, klippingar og fl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

## Bókhald

Accountant ehf. Laugavegi 178, 105 Reykjavík S. 4900095 / info@accountant.is |www.accountant.is

## Málarar

**MÁLNINGARVINNA.**
Get bætt við verkum. 30 ára reynsla, fagmennska og sanngjörn verð. Einar málari s: 832-6017.

**MÁLARAR.**
Faglærðir Málarar. Tökum að okkur alla almenna málningarvinnu. Sanngjarnt verð. S. 696 2748 og 782 4540 / loggildurmalari@gmail.com

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

**HÚSA - VIÐGERÐIR**
NÝSMÍÐI-VIÐGERÐIR-VIÐHALD
AÐ UTAN SEM INNAN

* STEYPU/MÚRVIÐGERÐIR
* KLÆÐNINGAR : ÞÖK /VEGGI
* GLUGGAR/GLER
* INNRÉTTINGAR OG FL.

ÖRUGG OG FAGLEG ÞJÓNUSTA
30 ÁRA REYNSLA

TILBOÐ - TÍMAVINNA

UPPL. S : 8583300
serfagehf@gmail.com

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

## Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Keypt & Selt

## Til sölu







Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

## Húsnæði

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Tilkynningar

## Tilkynningar






HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

# ÚTSALAN HEFST Í DAG

# 20-70% AFSLÁTTUR

## MÖGNUÐ TILBOÐ

**30% AFSLÁTTUR**



**CADENCE PLUSH, QUEEN SIZE**
**ÚTSÖLUVERÐ**
**170.940 KR.**
**VERÐ ÁÐUR 242.700 KR.**
VERÐ MIÐAST VIÐ RÚMBOTN KLÆDDAN LEÐURLÍKI OG KRÓM LAPPIR.

**20% AFSLÁTTUR**



**GLACIER BAY FIRM, QUEEN SIZE**
**ÚTSÖLUVERÐ**
**201.760 KR.**
**VERÐ ÁÐUR 250.700 KR.**
VERÐ MIÐAST VIÐ RÚMBOTN KLÆDDAN LEÐURLÍKI OG KRÓM LAPPIR.

**70% AFSLÁTTUR**



**POPPY DÝNA**
**ÚTSÖLUVERÐ**
**20.274 KR.**
**VERÐ ÁÐUR 67.580 KR.**

SKIPTI OG SÝNINGARRÚM
**20-70% AFSLÁTTUR**

**MIKIÐ ÚRVAL GERÐU FRÁBÆR KAUP**

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan
HEILSURÚM

## Veðurspá Þriðjudagur




Suðaustlæg átt, 3-10 m/s, víða bjartviðri, en sums staðar þokusúld við sjávarsíðuna. Hiti 14 til 23 stig yfir daginn, hlýjast NA-til. ■





Fáðu betri svefn
– sama hvert svefnmynstur þitt er.

Eftir áralanga þróun og prófanir höfum við náð markmiði okkar.

**Við höfum búið til eina þróuðustu dýnu heims**

Simba tvinndýnan er gerð úr einstakri samsetningu 2500 keilulaga gorma og móttækilegs minnissvamps.

**Simba dýnur henta jafnt í hefðbundin sem stillanleg rúm**

| SIMBA STÆRÐIR | VERÐ |
|---|---|
| Dýna 80 x 200 cm | 89.990 |
| Dýna 90 x 200 cm | 99.990 |
| Dýna 90 x 210 cm | 104.990 |
| Dýna 100 x 200 cm | 104.990 |
| Dýna 120 x 200 cm | 114.990 |
| Dýna 140 x 200 cm | 124.990 |
| Dýna 160 x 200 cm | 144.990 |
| Dýna 180 x 200 cm | 159.990 |
| Dýna 180 x 210 cm | 169.990 |
| Dýna 200 x 200 cm | 179.990 |

Frá Simba eru einnig fáanlegar Hybrid/Outlast dúnsængur, Hybrid/Stratos heilsukoddar og dýnuhlífar




Komdu og kynntu þér Simba í næstu Dormaverslun eða á dorma.is

Afgreiðslutími Rvk
Mánudaga til föstudaga kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-17
www.dorma.is

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast


## Skák Gunnar Björnsson

Svartur á leik



Nihal Sarin (2620) átti leik gegn Noel Studer (2581) á alþjóðlegu móti í Biel fyrir skemmstu.

**25...Bf1!! 0-1. 26. Kxf1 Dh1# og 26. Hxf1 Bxf2+.** Símon Þórhallsson og Guðni Stefán Pétursson eru efstir og jafnir með fullt hús í áskorendaflokki Íslandsmótsins í skák að loknum þremur umferðum. Í gær hófst alþjóðleg skákhátíð í Uppsölum í Svíþjóð. Níu Íslendingar taka þátt.

**www.skak.is:** Áskorendaflokkkurinn ■

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 ríki í Afríku
5 yfirbreiðsla
6 borðaði
8 skór
10 taumur
11 langar
12 vegghamar
13 verðlítill
15 lokaður
17 allslaus

**LÓÐRÉTT**
1 etanól
2 rölt
3 sjáðu
4 rákir
7 tepur
9 ófrægja
12 ósköp
14 más
16 tveir eins




**LÁRÉTT:** 1 alsír, 5 lak, 6 át, 8 klossi, 10 ól, 11 vil, 12 berg, 13 ódýr, 15 læstur, 17 snauð.
**LÓÐRÉTT:** 1 alkóhól, 2 lall, 3 sko, 4 rásir, 7 tilgerð, 9 sverta, 12 býsn, 14 dæs, 16 uu.

## Sudoku

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 1 | | 5 | | 6 | 7 |
| 9 | 3 | | | 6 | | 4 | | 1 |
| 5 | | 6 | | | | 2 | 8 | |
| | 2 | 5 | | | | | | 3 |
| 7 | 4 | | | 3 | | | | |
| | | 8 | | | 2 | | | 4 |
| | | 3 | 6 | | 1 | 8 | | |
| | 5 | | | | 7 | 1 | | |
| | | | 8 | 5 | | 7 | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | | | 7 | | | | |
| | 3 | | 2 | | 9 | 1 | | |
| | | 4 | 5 | | | | 6 | |
| | 1 | | | | | 7 | | 6 |
| 2 | 5 | 7 | | | | 4 | | |
| | | | | | | 5 | 3 | |
| | | | 1 | 2 | 6 | | | 8 |
| | | | 4 | 9 | | | | |
| 4 | | 6 | | | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# SPARIDAGAR

Í **ORMSSON** & HJÁ UMBOÐSMÖNNUM **ORMSSON** UM LAND ALLT!

## AEG

**15% - 25% afsláttur** af þvottavélum, þurrkurum, ofnum, uppþvottavélum, kæliskápum, örbylgjuofnum, helluborðum & ryksugum!

## SAMSUNG

**15% - 20% afsláttur** af þvottavélum, þurrkurum, ofnum, uppþvottavélum, kæliskápum, frystiskápum, örbylgjuofnum & helluborðum!







**AEG** uppþvottavél, hljóðlát með Airdry tækni

**AEG** veggofn með kjöthitamæli, Steam Bake plus og sjálfvirku hitavali

**SAMSUNG** frystiskápur 185 cm & 315 l. með klakavél, 3 hillum & 4 skúffum

**SAMSUNG** kæliskápur 185 cm & 385 l. með loftkælikerfi og er hljóðlátur

**SAMSUNG** frystiskápur 185 cm & 315 l. með No Frost, 3 hillum & 4 skúffum

**SAMSUNG** kæliskápur 185 cm & 385 l. með loftkælikerfi og er hljóðlátur

ormsson

Opnunartímar
Virka daga kl. 10-18
Lokað um helgar

**ORMSSON**
LÁGMÚLA 8 - 530 2800

Skoðaðu úrvalið okkar á ORMSSON.IS

*SENDUM UM LAND ALLT

| ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 | KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500 | SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559 | ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 | PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 | ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900 | ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160 | GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333 | TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211 | OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|







# Þriðjudagur

## Hringbraut

**18.00 Lengjudeildarmörkin (e)** Hörður og Hrafnkell fara yfir úrslit og mörk í Lengjudeild karla í knattspyrnu.
**18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
**19.00 Matur og heimili (e)** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
**19.30 Eldhugar (e)** Í Eldhugum er farið með viðmælendur út á jaðar hreysti, hreyfingar og áskorana lífsins.
**20.00 433.is** 433.is er frétta- og viðtalsþáttur um íþróttirnar heima og erlendis.
**20.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.

## RÚV Sjónvarp

**11.00 Heimaleikfimi**
**11.10 Hraðfréttir**
**11.20 Pricebræður bjóða til veislu**
**11.55 Fyrstu Svíarnir**
**12.55 Í 50 ár** Höfn í 50 ár
**13.35 Steinsteypuöldin**
**14.05 Tobias og sætabrauðið - Portúgal**
**14.35 Gleðin í garðinum**
**15.05 Rick Stein og franska eldhúsið**
**16.05 Átta raddir** Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir
**16.45 Andri á flandri - Í Vesturheimi** Winnipeg fyrsti hluti
**17.20 Á götunni**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Handboltaáskorunin**
**18.13 Bitið, brennt og stungið**
**18.28 Hönnunarstirnin**
**18.46 Bílskúrsbras**
**18.50 Bækur og staðir** Reykjavík
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Sumarlandabrot**
**19.45 Út í alheiminn með Stephen Hawking Into The Universe with Stephen Hawking**
**20.30 Innlit til arkitekta - Johnny Andersson Hemma hos arkitekten**
**21.05 Líffærabrask Exposing the Illegal Organ Trade**
**21.40 Hamingjuleit Hvor ligger Løkken?** Danskir gamanþættir um Henrik og Stephanie sem stefna á rómantíska ferð til Frakklands en kórónuveirufaraldurinn setur strik í reikninginn og þau ákveða að reyna að blása nýjum glæðum í sambandið með því að fara í hjólaferð innanlands. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Skylduverk Line of Duty**
**23.20 Þýskaland '86 Deutschland '86**
**00.10 Dagskrárlok**

## Stöð 2 Golf

**07.00 2021 PGA Tour Champions Learning Center**
**07.20 PGA Tour** Útsending frá Barracuda Championship.
**10.20 PGA Tour** Útsending frá Barracuda Championshi.
**13.20 PGA Tour** Útsending frá Barracuda Championship.
**16.20 PGA Highlights 2021**
**17.15 PGA Tour** Útsending frá Barracuda Championship.
**20.15 LET Tour 2021 - Highlights**
**21.05 LET Tour** Útsending frá Aramco Team Series - Sotogrande.

## Sjónvarp Símans

**12.30 Dr. Phil**
**13.15 The Late Late Show**
**14.00 The Block**
**15.05 90210**
**15.50 American Housewife**
**16.15 Young Rock**
**16.50 The King of Queens**
**17.10 Everybody Loves Raymond**
**17.35 Dr. Phil**
**18.20 The Late Late Show**
**19.05 The Block**
**20.10 Vinátta** Í þáttunum skyggnumst við inn í fjölda vinasambanda, allt frá æskuvinum á grunnskólaaldri og til sundhóps eldri borgara.
**20.40 The Moodys**
**21.10 Younger**
**21.40 Bull**
**22.30 Love Island**
**23.20 The Royals**
**00.05 The Late Late Show**
**00.50 New Amsterdam**
**02.00 Normal People**
**02.30 Nurses**
**03.50 Love Island**
**04.35 Síminn + Spotify**

## RÚV Rás eitt

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér** Sigríður Dögg Arnardóttir
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Á reki með KK**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Sumarmál. Fyrri hluti**
**12.00 Fréttir**
**12.03 Hádegið Fyrri og seinni hluti**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.42 Hádegið**
**13.00 Dánarfregnir**
**13.02 Sumarmál. Seinni hluti**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Lofthelgin**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Frjálsar hendur** Pólska hetjan Tadeusz Kocsiuszko, seinni lestur
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Tengivagninn**
**17.00 Fréttir**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Krakkakastið** Harry Potter #2
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Sumartónleikar** Concerto Copenhagen
**20.30 Millispil**
**21.20 Íslendingasögur** Áslaug Thorlacius
**21.40 Kvöldsagan. Dægradvöl** (7 af 31)
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Sumarmál. Fyrri hluti**
**23.05 Sumarmál. Seinni hluti**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## Stöð 2 Bíó

**11.05 Annie**
**13.00 So B. It**
**14.35 Love's Last Resort**
**16.00 Annie**
**17.55 So B. It**
**19.30 Love's Last Resort**
**21.00 Blinded by the Light**
**22.50 Elizabeth Harvest**
**00.40 Happytime Murders**
**02.05 Blinded by the Light**

## Stöð 2

**08.00 Heimsókn**
**08.15 The Mentalist**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 The Good Doctor**
**10.05 Logi í beinni**
**11.05 Út um víðan völl**
**11.35 NCIS**
**12.30 Nágrannar**
**12.50 Friends**
**13.10 The Good Doctor**
**13.55 Ísskápastríð**
**14.30 Lögreglan** Vandaðir þættir í umsjá Ásgeirs Erlendssonar þar sem fjallað verður um nokkrar deildir lögreglunnar og þeim fylgt eftir yfir nokkurra vikna skeið.
**14.50 Dagbók Urriða** Ólafur Tómas Guðbjartsson býður áhorfendum í ferðalag um landið okkar og töfraheim silungsveiði á flugu.
**15.15 Feðgar á ferð**
**15.40 The Masked Singer**
**16.45 Veronica Mars**
**17.35 Bold and the Beautiful**
**18.00 Nágrannar**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.45 Sportpakkinn**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Einkalífið**
**19.50 Saved by the Bell**
**20.20 The Goldbergs**
**20.45 Next**
**21.30 The Girlfriend Experience**
**22.05 Last Week Tonight with John Oliver**
**22.40 The Wire**
**23.40 Pennyworth**
**00.30 Blinded**
**01.15 LA's Finest**
**02.05 The Mentalist**
**02.45 The Good Doctor** Fjórða þáttaröð þessara vönduðu og dramatísku þátta með Freddie Highmore í aðalhlutverki og fjallar um ungan skurðlækni sem er bæði einhverfur og með Savant heilkenni.
**03.30 NCIS**

## Stöð 2 Sport

**08.20 Pepsi Max Stúkan**
**08.50 Stjarnan - Breiðablik** Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
**10.30 Stjarnan - KA** Útsending frá leik í Mjólkurbikar karla.
**12.10 Keflavík - Breiðablik**
**14.20 Valur - Leiknir R.**
**16.05 KR - FH** Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
**17.50 Fjölnir - ÍR** Bein útsending frá leik í Mjólkurbikar karla.
**19.55 Breiðablik - Tindastóll** Útsending frá leik í Lengjubikar kvenna.
**21.30 KR - FH**
**23.10 Pepsi Max Stúkan**
**23.40 Fjölnir - ÍR**

## Stöð 2 Sport 2

**08.20 Charlton - Sheffield Wednesday**
**10.00 Manchester United - Watford** FA Cup 2020/2021.
**11.40 Leipzig - PSG**
**13.20 Dundalk - Arsenal**
**15.05 Manchester City - Birmingham FA Cup 2020/2021.**
**16.40 Charlton - Sheffield Wednesday**
**18.25 FA Community Shield 2021. Leicester - Manchester City**
**20.05 Chelsea - Rennes**
**21.45 Tottenham - Antwerp**
**23.25 Dinamo Zagreb - CSKA Moskva**



Nýtt heyrnartæki frá Beltone
Beltone Imagine™
Því barnabörnin hafa frá svo mörgu að segja
Hágæða heyrnartækin frá Beltone Imagine™ geta valdið straumhvörfum í lífi þínu og þinna. Njóttu þess að heyra betur með nýrri kynslóð heyrnartækja sem skilar einstökum hljómgæðum og tengist beint við snjallsímann þinn eða önnur snjalltæki. Þú tengist fólkinu þínu betur þegar þú leggur við hlustir með Beltone Imagine™. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.
Kringlunni • sími 568 7777 • heyra.is
HEYRNARSTÖÐIN



Eyjólfur vopnaður Litaspjaldinu með Fríkirkjuveg 11 í baksýn – frábært dæmi um klassíska litanotkun. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Vandað litaval

**Litaspjald sögunnar er leiðbeiningarit þar sem finna má vel heppnaðar litasamsetningar á eldri húsum víðs vegar um landið.**

arnartomas@frettabladid.is

„Utanhúss eru hinir ljósari litir jafnan vinsælir. Hús við þröngar götur mega ekki vera dökk, vegna birtu andbýlinganna og birtunnar í götunni yfirleitt. Þá er einnig æskilegt að húsin séu lík að lit, eða með litum, sem fara vel saman. Í sambyggðri götu eru marglitir veggir yfirleitt þreytandi og gera götuna óheillega og órólega ásýndum.“

Þessa tilvitnun frá arkitektinum Sigurði Guðmundssyni frá árinu 1939 má finna í inngangi Litaspjalds sögunnar, leiðbeiningarits sem inniheldur sýnishorn af vel heppnuðu litavali á eldri húsum.

„Þetta byrjaði eins og svo margt annað í faraldrinum þegar ég fór að vinna að hluta til á skrifstofunni og að hluta til að heiman,“ segir Eyjólfur Pálsson hönnuður, sem kom að Litaspjaldinu sem styrkt var af Húsafriðunarsjóði. „Þegar ég nennti ekki að sitja og vinna heima allan daginn fór ég oft í göngutúr um bæinn þar sem ég fór aðeins að spá í litina á húsunum í kringum mig.“

Stuttu síðar var Eyjólfur viðmælandi Sigurlaugar M. Jónasdóttur í þættinum Segðu mér þar sem Eyjólfur nefndi að borgin ætti að gefa út litaspjald fyrir fólk til að aðstoða það við að velja liti á hús sín. „Þá var einhver sem spurði mig af hverju ég gerði þetta ekki sjálfur, svo ég ákvað að slá til,“ segir Eyjólfur, sem hóaði í einvala lið arkitekta og hönnuða til að aðstoða sig við verkið.

Í Litaspjaldinu má finna myndir af gömlum húsum víðs vegar að af landinu sem prýða umhverfi sitt að mati Eyjólfs. „Það eru nokkur mjög góð,“ segir hann „Ég er mjög hrifinn af Vesturvegi 8 á Seyðisfirði – fallega rautt hús með ljósum litum og dökku þaki. Alveg klassískt. Svo er Næpan á Skálholtsvegi líka alveg frábært hús.“

> „Þegar ég nennti ekki að sitja og vinna heima allan daginn fór ég oft í göngutúr um bæinn þar sem ég fór aðeins að spá í litina á húsunum í kringum mig.

**Mismikil prýði**

Eyjólfur segir að við gerð ritsins hafi svo komið hugmynd upp um að vinna svipaðar hugmyndir að litasamsetningum stílaðar á ólík hverfi Reykjavíkur. „Það væri frábært ef þetta yrði hvati til þess að vinna sams konar efni fyrir sérhæfðari svæði,“ segir hann. „Allt sem maður gerir, ef það kveikir í öðrum þá er það af hinu góða.“

Það er fátt um svör þegar Eyjólfur er spurður um hver helstu afbrotin séu þegar kemur að slæmu litavali á húsum þar sem lagt var upp með að strika út alla neikvæðni við gerð ritsins. „Ég hef vanið mig á það að undanförnu að tala ekki í neikvæðum orðum og sleppa öllu neikvæðu,“ segir hann. „Þess vegna vil ég frekar kalla litasamsetningar bæjarins misgóðar.“

Prentað eintak af Litaspjaldinu má nálgast í þeim málningarvöruverslunum sem komu að verkefninu og hjá Húsverndarstofu. Hægt er að skoða veflæga útgáfu á heimasíðum Borgarsögusafns og Minjastofnunar. ■



Aðkoman er ekki amaleg við Aðalstræti 4 á Akureyri. MYND/ALMA SIGURÐARDÓTTIR



Sigurður Guðmundsson væri sáttur við litanotkunina á Laufásvegi 34. MYND/ALMA SIGURÐARDÓTTIR



Fagurrauður Vesturvegur 8 á Seyðisfirði er svipmikill fulltrúi sveitserstílsins. MYND/PÉTUR ÁRMANNSSON


„Ég kem með fjölskylduna“
Brandenburg | SÍA
Komdu með í ferðalag!
Á ferdalag.is getur þú fundið allt það helsta um ævintýrin sem Ísland hefur upp á að bjóða.
ÍSLAND
KOMDU
MEÐ

# BETRI SVEFN BETRA LÍF

Þegar þú vaknar í rúmi frá Hästens munt þú skilja virði þess að ná fullkomnum nætursvefni.



Rúmin eru framleidd með einstöku samspili handverks og hráefna þar sem hvergi eru gerðar málamiðlanir í gæðum náttúrulegra efna eða tíma við óþreytandi handverkið. Þú sérð það ekki en þú munt finna fyrir því. Allan sólarhringinn.
Heimsæktu Hästens í Faxafeni eða pantaðu vörulistann á hastens.com.

Hästens
since 1852

HÄSTENS VERSLUN
FAXAFENI 5, REYKJAVÍK
588 8477

Betra BAK






Leikhópurinn Lotta stefnir á að frumsýna glænýja sýningu næsta sumar. MYND/HELGI HALLDÓRSSON

# Fullorðinshúmorinn aldrei langt undan

**Leikhópurinn Lotta hefur ekki látið deigan síga þrátt fyrir mótbárur vegna faraldursins. Það voru þau Rósa, Andrea, Sigsteinn og Stefán sem stofnuðu Leikhópinn Lottu. Verkið Pínulitla gula hænan verður sýnt á Víðistaðatúni síðar í dag.**

steingerdur@frettabladid.is



Andrea, Stefán, Rósa og Sigsteinn ferðuðust vítt og breitt um landið með sýningar sínar í sumar. MYND/AÐSEND

Leikhópurinn Lotta var stofnaður árið 2006 af nokkrum vinum sem langaði að gera eitthvað skemmtilegt á sumrin líkt og á veturna. Sumarhópurinn í ár samanstendur af þeim Rósu Ásgeirsdóttur, Andreu Ösp Karlsdóttur, Sigsteini Sigurbergssyni og Stefáni Benedikt Vilhelmssyni.

„Þegar hugmyndin um að stofna leikhóp kom til var farið í nafnasamkeppni. Hópurinn lagði þá til nokkur nöfn og nafnið Lotta skoraði þar flest stig,“ útskýrir Rósa.

Leikhópurinn hefur sett upp fjórtán frumsamda söngleiki utandyra frá stofnun.

„Fyrir utan Dýrin í Hálsaskógi, sem var okkar fyrsta sýning árið 2007. Elliðaárdalurinn hefur verið heimavöllurinn en við höfum einnig ferðast með leiksýningarnar um allt land. Árið 2018 byrjuðum við með vetrarsýningar sem eru núna orðnar þrjár talsins og voru sýndar í Tjarnarbíói, en líkt og á sumrin þá höfum við ferðast með þær um landið og sýnt þá innandyra,“ segir Stefán.

> **Við í Lottu leggjum mikið upp úr því að gera sýningarnar okkar að fjölskylduskemmtun þar sem fullorðinshúmorinn er aldrei langt undan.**
>
> Stefán Benedikt Vilhelmsson.

### Hugsað í lausnum

Sökum faraldursins ákvað leikhópurinn að fara ekki út í að setja upp nýjan íslenskan söngleik í fullri lengd, heldur fóru af stað með minni sýningu.

„Við tókum ævintýrið okkar um Litlu gulu hænuna sem er samsuða úr Litlu gulu hænunni og Jóa og baunagrasinu og bjuggum til úr því 25 mínútna sýningu sem heitir einfaldlega Pínulitla gula hænan. Við höfum verið að ferðast með hana núna í sumar á hátíðir og viðburði sem hafa keypt sýninguna. Hún hefur því ekki verið í almennri miðasölu líkt og síðustu ár,“ segir Rósa.

Gífurlegar vinsældir hópsins komu þeim á óvart.

„Það er greinilegt að það var vöntun á fjölskylduskemmtunum af þessu tagi. Við í Lottu leggjum mikið upp úr því að gera sýningarnar okkar að fjölskylduskemmtun þar sem fullorðinshúmorinn er aldrei langt undan,“ segir Stefán.

Flestar sýningarnar fara fram utandyra, líkt og áður kom fram. Því hefur það reynst þeim auðveldara að halda sínu striki í faraldrinum.

### Setja upp Mjallhvíti í vetur

„En þetta setti þó verulegt strik í reikninginn þegar hann skall á fyrst. Þá vorum við stödd í miðju sýningarferli með vetrarsýninguna okkar um Hans klaufa og hættum þá að sýna fyrir fullu húsi. Síðasta sumar vann útisviðið með okkur. Við gátum hólfaskipt og haldið tveggja metra reglunni en færri komust þó að en vildu. Í sumar höfum við minna fundið fyrir þessu, þannig séð, þótt sprittið sé aldrei utan seilingar. Við bjóðum upp á myndatökur í fjarlægð og pössum fjarlægðarmörkin vel,“ segir Rósa.

„Covid hefur haft gríðarleg áhrif á alla okkar starfsemi en við erum enn starfandi og höfum sniðið starfsemina að breyttum aðstæðum. En þetta er búið að vera snúið og erfitt, tapið er mikið og enn erum við að berjast. Við neyddumst til að loka sýningum á Hans klaufa fyrir fullu húsi og misstum allar tekjur vegna þess verkefnis. Við sýnum öll verkefni síðan með einhvers konar takmörkunum og þurftum meðal annars að hætta við sýningu sumarsins í fyrsta sinn frá stofnun sem var áfall. En við erum öll dugnaðarforkar og höfum barist áfram með alveg stórskemmtilegt lítið 25 mínútna verk í sumar sem er Pínulitla gula hænan okkar og stefnum svo á að sýna Mjallhvíti inni í Tjarnarbíói í vetur. Svo stefnum við auðvitað á að mæta til leiks með glænýjan íslenskan söngleik næsta sumar,“ bætir Stefán við.

*Er eitthvað fleira á döfinni, strax farin að huga að næsta sumri?*

„Já, algjörlega. Ef allt fer á besta veg þá verður vetrarverkefnið okkar um Mjallhvíti og dvergana sjö sett á svið í Tjarnarbíói í vetur. Við erum líka byrjuð að pæla í næsta sumri en þá stefnir í glænýjan íslenskan söngleik, en hver hann verður er leyndarmál þar til nær dregur,“ segir Rósa.

Pínulitla gula hænan er sýnd á Víðistaðatúni í Hafnarfirði klukkan 18 í dag. Hólfaskipting verður á svæðinu og fyllstu sóttvarna gætt. ■

**AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

# FORSALA

á Explore skólatöskum

Forsöluverð:
12.990
Fullt verð:
16.990




Forsalan fer fram á www.A4.is
Töskurnar verða afhentar fyrir skólasetningu dagana 19. til 21. ágúst

WWW.A4.IS

A4

FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000
**RITSTJÓRN** ritstjorn@frettabladid.is
**AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is
**PRENTUN** Torg ehf.
**DREIFING** Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN
FRÉTTABLAÐIÐ

## Bakþankar



Jóns Sigurðar Eyjólfssonar

# Ólympíulífið

Mikið held ég að Ólympíuleikarnir séu hollir fyrir sálina. Maður lærir svo margt með því að fylgjast með þeim. Til dæmis að skrúfur fimleikafólks bera nöfn og að Lúkasjenkó er fífl, en það vissi maður reyndar fyrir. En það mikilvægasta er að þú uppgötvar að ógrynni af fólki tileinkar íþróttagreinum, sem þú hafðir jafnvel talið ómerkilegar, alla sína sálarkrafta, og það sem meira er, þessar íþróttir eru þess vel verðugar.

Þessa Ólympíusýn má svo yfirfæra á lífið. Til er fullt af fólki sem maður hefur aldrei pælt í en svo kemur í ljós, við frekari eftirgrennslan, að það er stórmerkilegt. Allir eru góðir í einhverju og lifa fyrir eitthvað sem er engu ómerkilegra en draumur þíns sjálfs.

Nýlega var ég milligöngumaður í íbúðarleigumáli við spænska strönd. Þá kynntist ég Maríu. Í fyrstu voru samskipti okkar brösuleg en hún er með Alzheimer og ég kunni ekki að bera mig að. En lífið hagaði málum þannig að við vörðum þó nokkrum tíma saman og þá opnuðust leyndardómar þessarar stórmerkilegu manneskju sem sagði mér sögu sína af hómerískri frásagnargáfu og svo laus er hún við þurrpumpulegheit að hún dansaði, hló, kyssti og grét þegar svo bar undir. Það er nefnilega beiskur blær yfir sumarfríi hennar því þegar hún kemur heim til Madrídar verður íbúð hennar tóm en hún flytur á eina af þessum stofnunum sem sífellt verða verri í samfélagi sem virðist eyða meiru í spillingu en samfélagsþjónustu. Það er nefnilega eins með lífið og Ólympíuleikana, það er ekki keppt í öllum greinum. ■

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN Í MEST LESNA ATVINNUBLAÐI LANDSINS!*
*Samkvæmt prentmælingum Gallup

Beinn sími: 550 5625
Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is
FRÉTTABLAÐIÐ

